




SKOÐUN Glæðbeittir sjálfstæðismenn tala um að selja Rúv, segir Guðmundur Andri. **13**



MENNING Nick Cave heltók tónleika-gesti á ATP á laugardag og fær fimm stjörnur fyrir frammistöðuna. **18**



SPORT Aníta Hinriksdóttir, hlaupakona úr ÍR, hefur bætt sig um rúmar fjórar sekúndur á einu ári. **22**

SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍÐ



Lenco
BARNATÖLVUR
Í FLOTTUM LITUM
19.990



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

1. júlí 2013
152. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Rútubílstjóra reistur minnisvarði í Þórsmörk

Afkomendur og vinir Óskars Sigurjónssonar, eiganda Austurleiðar og frumkvöðuls í ferðaþjónustu, hyggjast reisa honum minnismerki í Þórsmörk. **2**

Krótatía í ESB Þúsundir tóku þátt í hátíðarhöldum víðs vegar um Krótatíu til að fagna inngöngu í ESB. **6**

Enginn ávinningur Sameining skóla í Reykjavík skilaði litlum árangri að mati borgarfulltrúa VG og Sjálfstæðisflokks. **10**

Bræður ákærðir Tveir bræður eru ákærðir fyrir líkamsárásir á Café Amsterdam í nóvember. **11**



Bolungarvík	8°	NA 5
Akureyri	7°	N 5
Egilsstaðir	8°	NV 4
Kirkjubæjarkl.	12°	SA 2
Reykjavík	11°	NV 4

Skúrir um N-vert landið í dag og skýjað að mestu. Dregur fyrir sólu V-lands og má búast við skúrum þar síðdegis. Bjart syðst á landinu. Hiti 6-15 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



HRÍFANDI!
Ærlegi lærlingurinn

Eftir höfund metsöluþókarinnar Viltu vinna milljarð?

www.forlagid.is
- alvöru bókaútd. á netinu



ÁHORFENDUR NUTU VEÐURBLÍÐUNNAR Ekki spillti veðrið fyrir stemningunni á leik Vals og FH í gærkvöldi, en leiknum lauk með jafntefli. **Sjá síðu 23**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjálfstæðisflokkurinn með mesta fylgið

Framsóknarflokkurinn missir fylgi frá kosningum, einn flokka, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkur fer upp um 4,6 prósent.


STJÓRN MÁL Allir flokkar á þingi nema Framsóknarflokkurinn bæta við fylgi sitt frá alþingiskosningum í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Könnunin varð gerð dagana 26. og 27. júní. Úrtakið í könnuninni var 1.077 manns, en hringt var þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki. Alls tók 81% svarenda afstöðu til spurningarinnar *Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag?*

Framsókn fengi nú 21% atkvæða en var með 24,4% í kosningunum. Sjálfstæðisflokkurinn bætir mest við sig, 4,6%, og fengi 31,3%. Vinstri græn bæta við sig 4,4% og fara upp í 15,3%. Samfylkingin bætir við sig 1,5% frá kosningum og stendur nú í 14,4%.

Þíratar og Björt framtíð standa hér um bil í stað en fylgi þeirra framboða sem ekki náðu mönnum inn á þing í kosningunum fer úr

FYLGI FLOKKA Í KOSNINGUM OG KÖNNUNUM



11,9% niður í 4,2%. Þessar niðurstöður hefðu í för með sér sveiflur á fjölda þingmanna, en meirihluti væri enn tryggur, með 35 sæti á móti 28.

- þj / sjá síðu 4

Hulda Jónsdóttir fiðluleikari: Fær styrk fyrir námi í Juilliard

FÓLK „Það hjálpar mjög mikið þegar maður er í dýru námi að fá svona styrk, auk þess sem,“ segir fiðluleikarinn Hulda Jónsdóttir, sem stundar nám við Juilliard-háskóla í New York og hlaut 750 þúsund króna styrk nýverið.



HULDA JÓNSDÓTTIR við Juilliard-háskóla í New York og hlaut 750 þúsund króna styrk nýverið. **fb / sjá síðu 26**

Ekki villast!

8 NÝ LANDS- HLUTAKORT Í ÖSKJU

LANDSHLUTAKORT REGIONAL MAPS REGIONALKARTEN CARTES REGIONALES 1 : 200 000

www.forlagid.is

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

SPURNING DAGSINS



Garðar, eru þetta einhverjir stjórnustælar í ykkur?

„Nei, alls ekki. Svo erum við ekki að fá neina stjórnmeðferð heldur.“

Garðar Jóhannsson er einn af þremur leikmönnum Stjörnunnar í knattspyrnu sem voru í banni í leiknum gegn ÍBV í gær.

Mestur stuðningur er við hvalveiðar á meðal fylgismanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks:

Meirihluti hlynntur veiðum á langreyðum

SJÁVARÚTVEGUR Tæp sextíu prósent þjóðarinnar eru frekar eða mjög hlynnt veiðum á langreyðum en átján prósent eru andvíg veiðunum. Mestur er stuðningurinn meðal fylgismanna Sjálfstæðisflokksins eða 73 prósent. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem unnin var fyrir Stöð 2 og Fréttablaðið dagana 26. til 27. júní. Alls voru 802 spurðir um viðhorf sitt til veiða á langreyðum.

Könnunin leiddi meðal annars í ljós að stuðningur við veiðarnar er meiri meðal íbúa á landsbyggðinni en íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er rúmur helmingur borgarbúa hlynntur veiðunum en 21 prósent er

frekar eða mjög andvíg þeim. 68 prósent íbúa á landsbyggðinni voru hlynnt veiðunum en 13 prósent andvíg.

Þá er lítill munur á viðhorfi eftir aldri. Meðal fólks á aldrinum 18 til 49 ára voru 54 prósent hlynnt veiðunum en 61 prósent af 50 ára og eldri.

Stuðningur við veiðar á langreyðum er mestur meðal stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar; 72 prósent framsóknarmanna og 73 prósent sjálfstæðismanna eru hlynnt veiðunum. 39 prósent samfylkingarmanna eru hlynnt veiðunum og 40 prósent vinstri grænna.



STUÐNINGUR VIÐ HVALVEIÐAR Meirihluti þjóðarinnar er hlynntur hvalveiðum. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem gerð var fyrir Stöð 2 og Fréttablaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BUSLAÐ Í BLÍÐUNNI Baltasar Máni Róbertsson buslaði í sólinni í Nauthólsvík í gær ásamt móður sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hiti í júní var yfir meðaltali í Reykjavík og á Akureyri:

Sól í kortunum næstu daga

VEÐUR Reykvíkingar nutu veðurblíðunnar í gær, fjölmennt var í Nauthólsvíkinni og miðbærinn var sömuleiðis fullur.

Margir hafa kvartað undan veðrinu það sem af er sumri en samkvæmt vefsíðu Veðurstofu Íslands mældist meðalhiti í Reykjavík 1,2 gráður yfir meðaltali fyrstu tuttugu daga júnímánaðar. Á Akureyri mældist meðalhiti 3,2 gráður yfir meðaltali.

Þar kemur einnig fram að það verður sólríkt á suðvesturhorninu næstu daga og hiti allt að fimmtán stig.

Leiðtogar ESB ósáttir:

Krefjast svara um njósnirnar

BANDARÍKIN, AP „Samstarfsríki njósna ekki hvert um annað,“ segir Vivianne Reding, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. „Bandaríski yfirvöld eiga að útrýma öllum slíkum efasemdum með hraði.“

Nýjar ásakningar hafa komið fram í þýska tímaritinu Der Spiegel.

Þar kemur fram að samskipti hafi verið hleruð í höfuðstöðvum ráðherraráðs ESB í Brussel. Það hafi svo verið rakið til höfuðstöðva NATO í sömu borg þar sem bandaríska þjóðaröryggisráðið, NSA, hefur aðstöðu.

-gb

LÖGREGLAN

Slys við Víðistaðaskóla

Drengurinn sem féll átta metra við Víðistaðaskóla í Hafnarfirði á laugardag gekkst undir aðgerð á Landspítalanum í gær. Aðgerðin gekk vel að sögn vakthafandi læknis. Drengurinn er haldið sofandi í öndunarvél en búist er við því að hann nái sér að fullu.

Slys á Kringlumýrabraut

Fólksbíll ók aftan á farþegarútu á Kringlumýrabraut seinni part laugardags. Nokkrar tafir urðu á umferð á leið suður með Kringlumýrabraut á meðan lögregla sinni störfum sínum. Að sögn lögreglu urðu minniháttar slys á fólki við áreksturinn. Bifhjólslaslys varð á Nesjavallavegi við Hafvatnsveg í gær. Bifhjól rann til í lausamöl og var ökuþúfur hjólsins fluttur til með sjúkrahúsi til aðhlyningar á sjúkrahúsi.

Áætlunarbílstjóra reistur minnisvarði

Afkomendur og vinir Óskars Sigurjónssonar, eiganda Austurleiðar og frumkvöðuls í ferðaþjónustu, hyggjast reisa Óskari minnismerki í Þórsmörk. Hugmyndin að minnisvarðanum kviknaði hjá fyrrverandi starfsfólki í erfidyrykkju Óskars í fyrra.

MENNING „Það er verið að heiðra störf föður míns og ástríðu hans fyrir Þórsmörkinni,“ segir Óskar Óskarsson, sonur Óskars Sigurjónssonar rútblástjóra með meiru sem reisa á minnismerki í Þórsmörk.

Óskar Sigurjónsson hóf akstur áætlunarbíla fyrir miðja síðustu öld. Hann var einn stofnenda Austurleiðar og rak fyrirtækið um margra áratuga skeið. Meðal margra viðfangsnefna Óskars var mikil uppbygging á ferðaþjónustu í Húsadal í Þórsmörk.

Óskar lést í október í fyrra, 87 ára að aldri. Óskar yngri segir að í erfidyrykkjunni hafi fyrrverandi starfsfólk föður hans nefnt þann möguleika að minnst brautryðjendastarfa hans með minnisvarða og áletrunum skildi í Húsadal.

„Þeim fannst viðeigandi að minnismerkið yrði á þessum stað því þótt hann væri með mörg járn í eldinni var Þórsmörkin honum ofarlega í huga og átti sérstakan stað í hjarta hans – kannski frá því hann horfði þarna inn eftir sem lítill drengur,“ segir Óskar yngri.

„Þessi virðingartottur er vegna endalaus trausts og ómældrar virðingar sem Óskar nauð alla tíð hjá sínu starfsfólki,“ segir Jón Hermannsson, starfsmaður Austurleiðar frá 1976 til 1986.

Setja á minnisvarðann saman úr fjórum til fimm stórum grágrýtissteinum af svæðinu og koma honum fyrir við brekkurætur á Stórflöt, um tuttugu metra frá göngustígnunum í Húsadal.

„Sú hugmynd hefur verið nefnd að hafa eina rútuferð á afmælisdeginum hans, 16. ágúst, og afhjúpa þá minnisvarðann ef allt gengur upp. Þá verður jafnframt tækifæri fyrir gamla starfsmenn að hittast og gera sér gláðan dag. Ég reikna með að við systkinin verðum með í því,“ segir Óskar.

Að sögn Óskars yngri var faðir hans að mörgu leyti frumkvöðull í þeirri tegund ferðaþjónustu sem hann barðist fyrir í Húsadal; að vera með einn miðlægan skála og leyfa fólki síðan að velja hvort það dveldi í smáhýsum eða tjöldum.

„Hann hafði mikið dálæti á Þórsmörkinni og fannst gaman að skapa þar aðstöðu svo fleiri gætu komið og notið þess sem umhverfið og jökullinn hafa upp á bjóða. Eftir að hann hætti að keyra rútur um sjötugt hélt hann áfram að vinna mikið inni í Þórsmörk á meðan hann stóð í lappirnar,“ segir Óskar Óskarsson.

gar@frettabladid.is



Í HÚSADAL Óskar Sigurjónsson vann mikið starf sem brautryðjandi í áætlunarkerfum, ferðaþjónustu og uppbyggingu í Húsadal í Þórsmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÓSKAR SIGURJÓNSSON Áætlunarbílstjóri frá því fyrir miðja tuttugustu öldina. MYND/ÚR EINKASAFNI

Stjórnarandstæðingar í Egyptalandi krefjast afsagnar Morsis forseta:

Hundruð þúsunda á Tahrir-torg

EGYPTALAND, AP Hundruð þúsunda Egypta söfnuðust saman á Tahrir-torgi í Kaíró í gær til að krefjast afsagnar Muhammeds Morsis forseta. Fjöldi fólks hélt einnig í áttina að forsetahöllinni og bar mótmælaborða í litum egypska fánans. Margir veifuðu rauðu spjaldi eins og dómari í knattspyrnu að reka mann af velli.

Í gær var ár liðið frá því að Mohammed Morsi tók við forsetaembættinu í Egyptalandi. Hann hefur hafnað öllum kröfum um afsögn og bendir á að hann hafi unnið öruggan sigur í lýðræðislegum kosningum. Frá fyrsta degi hafa andstæðingar hans hins vegar sakað hann um ofríki í anda Hosni Mubarak, forvera hans í embættinu.

Mótmælendum tókst að hrekja Mubarak af stóli og eru staðráðnir í að gera slíkt hið sama nú.



FJÖLMENN MÓTMÆLI Morsi hefur hafnað öllum kröfum um afsögn. NORDICPHOTOS/APF

„Það tók ekki nema átján daga hjá Mubarak, og samt var hann með öryggissveitirnar, leyniþjónustuna og stóran hluta Egypta á bak við sig. Morsi er með okkur öll á móti

sér, líka herinn og lögregluna,“ sagði einn mótmælendanna í mannföldanum í gær, olíustarfsmaður að nafni Amr Tavfik.

-gb

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Heyrðu, það er góð hugmynd :))

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



HVAR OG HVENÆR SEM ER

Með Arion appinu tekur þú
stöðuna með einum smelli
og borgar reikningana,
hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á Arionbanki.is.



Skannaðu QR kóðann
og sæktu appið frítt
í símann þinn



 Arion banki

SVONA ERUM VIÐ



Á síðasta ári voru skráðar alls 514.662 gistinætur í tjaldstæðum á Íslandi. Íslendingar höfðu þar heldur vinninginn umfram útlendinga, því 277.042 gistinætur voru skráðar á Íslendinga en 237.620 á útlendinga.

Tjaldgistingum hefur fjölgað töluvert síðan 2002, þegar alls 342.440 gistinætur voru skráðar – þar af 208.857 á Íslendinga en 133.583 á útlendinga.

Heimild: Hagstofan

Ekki á eingöngu að hlúa að nemendum sem skara fram úr segir bæjarstjórn:

Fjölbrautaskóli tryggir skólavist

SKÓLAR Ekki bara þeir nemendur sem skara fram úr eiga að komast í framhaldsskóla, segir bæjarstjórn Garðabæjar.

„Skólafyrirvöldum í Garðabæ er umhugað um að hlúð verði að öllum nemendum í bænum en ekki bara þeim sem skara fram úr, heldur líka að hugað sé að þeim nemendum sem af einhverri ástæðu finna sér ekki farveg á framhaldsskólalaginu,“ segir í greinargerð með tillögu sem bæjarstjórnin samþykkti.

Skólaskrifstofu Garðabæjar er þannig

falið að kanna fjölda nemenda yngri en átján ára sem lokið hafa námi úr grunnskólum Garðabæjar og ekki eru innritaðir í neina framhaldsskóla á komandi vetri. „Í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Garðabæ verði síðan leitast við að tryggja viðkomandi skólavist í skólanum enda óski viðkomandi nemandi þess,“ segir bæjarstjórnin. -gar

ÁSLAUG HULDA JÓNSDÓTTIR Forseti bæjarstjórnar í Garðabæ þar sem samþykkt var að reyna að tryggja öllum sem vilja framhaldsskólavist.



Átta gistu fangageymslur: Tvær árásir í miðbænum

LÖGREGLUMÁL Maður var fluttur á slysadeild í fyrrinótt eftir að hafa fengið glerbrot í augað á veitingastað í miðbæ Reykjavíkur. Sá sem réðst á hann var handtekinn og vistaður í fanga-klefa lögreglunnar. Þá var stúlka legin í höfuðið með glasi á veitingastað í miðbænum. Hún var flutt á slysadeild.

Í skýrslu lögreglunnar segir að vaktin hafi verið annasöm. Alls gistu átta fangageymslu lögreglunnar.



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR Skulda-bréfið frá 2009 var að hluta greiðsla fyrir hlut Orkuveitunnar í HS-orku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórn OR samþykkti tilboð: Magma-skulda-bréfið í sölu

BORGARMÁL Á síðasta stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur var samþykkt að taka tilboði í skulda-bréfið frá Magma Energy Sweden sem gefið var út árið 2009.

Salan var samþykkt með fyrirvara um samþykki eigenda en reiknað er með að málið komið til afgreiðslu á fundi borgarstjórnar á fimmtudaginn.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, skýrir frá þessu á bloggsíðu sinni. Hann segir Sjálfstæðisflokkinn geta fallist á tilboðið, svo fremi sem verðið sé viðunandi, en spyr hvort þeir sem mest voru á móti sölu HS-orku á sínum tíma séu sáttir við niðurstöðuna.

Hvorki Kjartan né Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, vildu í gær vilja tjá sig um söluverðið, enda viðskiptin tilkynningaskyld til Kauphallar og því bundin trúnaði. -gb

LEIÐRÉTT

María Ragna Lúdvígsdóttir var rangnefnd í laugardagsblaði Fréttablaðsins. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Framsókn myndi missa 5 þingmenn

Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sýnir misjafna þróun hjá stjórnarflokkunum þar sem fylgi Framsóknar dalar á meðan Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig. Vinstri græn eru komin upp fyrir Samfylkinguna í fylgi.

STJÓRN MÁL Allir flokkar á þingi nema Framsóknarflokkurinn bæta við fylgi sitt frá alþingiskönnunum í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Könnunin varð gerð dagana 26. og 27. júní. Úrtakið í könnuninni var 1.077, en hringt var þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki. Alls tók 81% svarenda afstöðu til spurningarinnar *Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag?*

Það sem einkennir niðurstöður könnunarinnar er meðal annars það að fylgi við önnur framboð en þau sem komust inn á þing dalar verulega. Á meðan tæp tólf prósent kusu framboð sem ekki komust upp fyrir fimm prósentu þröskuldinn sem tryggir þingsæti segjast nú aðeins 4,2% svarenda myndu kjósa önnur framboð en þau sex sem eiga fulltrúa á þingi.

Ekki liggur fyrir hvernig fylgið hefur færst milli flokka en Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn á þingi sem er undir kjörfylgi. Framsókn fengi nú 21% atkvæða og myndi missa fimm af nítján þingmönnum. Sjálfstæðisflokkurinn fengi 31,3% og bætti við sig tveimur þingmönnum. Stjórnin hefði því enn riflegan meirihluta á þingi, 35 þingmenn gegn 28.

Athygli vekur að Vinstri græn fara upp í 15,3% og bæta við sig tveimur þingmönnum. Þau eru því komin upp fyrir Samfylkinguna, sem bætir einungis lítilliga við

Áfram traustur meirihluti stjórnarflokka



Flokkur	Þingmenn	Könnun 26.-27. júní
Sjálfstæðisflokkurinn	19	21
Framsóknarflokkurinn	19	14
Samfylkingin	9	10
Vinstri græn	7	10
Björt framtíð	6	5
Píratar	3	3
Þingmeirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks væri enn traustur ef gengið yrði til kosninga nú, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þeir fengu samtals 35 þingmenn á móti 28 mönnum stjórnarandstöðunnar.		

Meiri stuðningur á landsbyggðinni

Ríkisstjórnin nýtur stuðnings tæplega 60% þeirra kjósenda sem taka afstöðu samkvæmt könnuninni.

Nokkur munur er á afstöðu kynjanna gagnvart stjórninni, þar sem 62% karla segjast styðja hana en hlutfallið í hópi kvenna er 55%, og talsvert meiri stuðningur er við stjórnina á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, 67% á móti 55%.

Auk þess er meiri stuðningur við stjórnina í hópi eldri kjósenda en þeirra yngri, þar sem 64% þeirra sem eru 50 ára og eldri segjast styðja stjórnina en 54% þeirra sem eru undir 50 ára aldri.

sig frá kosningum og stendur nú í 14,4% og bætir við sig einum þingmanni.

Fylgi Pírata og Bjartrar fram-

tíðar stendur hér um bil í stað en síðarnefndi flokkurinn missir þó einn af sex þingmönnum sínum.

thorgils@frettabladid.is

Kerry segist bjartsýnni:

Telur viðræður innan seilingar

JÓRDANÍA, AP Stutt gæti verið í að friðarviðræður hefjist á ný milli Ísraela og Palestínumanna.

Þessu trúir John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem hefur átt fundi með leiðtogum beggja þjóðanna síðustu daga.

„Ég þekki framfarir þegar ég sé þær, og við höfum náð árangri,“ sagði Kerry í gær við blaðamenn á flugvellinum í Tel Aviv, þegar hann hélt af stað til Brunei á fund með Asíuríkjum.

„Það bar mikið á milli þegar við höfumst handa en nú hefur bilið minnkað verulega.“ -gb



JOHN KERRY

Hæðir Norðurturns leigðar:

Samið við óstofnað félag


VIÐSKIPTI Skrifað hefur verið undir samkomulag við óstofnað félag kröfuhafa þrotabús Norðurturns ehf. um heildsöluvergið á tveimur hæðum Norðurturnsins.

Leigutakinn er Reginn A1, dótturfélag Regins hf. Fram kemur í tilkynningu til kauphallar að Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. sé líka aðili að samkomulaginu. Félagið óstofnað verður eigandi turnsins.

„Um er að ræða leigu á 1. og 2. hæð Norðurturnsins sem tengist Smáralind á báðum hæðum,“ segir í tilkynningunni. Samkomulagið er sagt háð fyrirvörum, þar á meðal um fjármögnun á byggingu turnsins. - óka


Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HLÝJAST S- OG SV-TIL næstu dagana en enginn steikjandi hiti. Sól syðst á landinu en annars skýjað að mestu og skúraleiðingar. Vindur fremur hægur víðast hvar en hvassari við NA-stöndina. Hiti 6-13 stig.

Alicante 27°	Billund 18°	Gautaborg 18°	London 21°	Orlando 27°	San Francisco 24°
Basel 27°	Frankfurt 25°	Kaupmannahöfn 18°	Mallorca 32°	Ósló 20°	Stokkhólmur 17°
Berlín 24°	Friedrichshafen 25°	Las Palmas 25°	New York 26°	París 25°	



Á morgun 3-13 m/s, hvassast NA-til

Miðvikudagur Fremur hægur vindur

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



Trúlofunarhringar
Okkar hönnun og sérsmíði.

JÓN & ÓSKAR

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

Framlengjum um 2 daga

-vegna fjölda ákorana viðskiptavina nú um mánaðarmót.

① **MÁNUDAGUR** 1. JÚLÍ

② **ÞRIÐJUDAGUR** 2. JÚLÍ



NÝKOMNIR

7 AEG GÁMAR Á 10 DÖGUM

Þess vegna:

AEG DAGAR Í TVO VIÐBÓTARDAGA

Um 1000 AEG tæki í eldhús og þvottahús Íslendinga.

Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum – á völdum módelum.

AEG ryksugur með 20% afslætti.

Úrval AEG kælikápa og frystiskápa – lítið við og skoðið.

AEG smáraftæki – 25% afsláttur.

Sölumenn okkar eru í samningsstuði – Þið komið og ræðið við sölufólkið okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs, bestu greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust. Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

AEG hjá ORMSSON síðan 1927

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK • SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 530 2870

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKROKI
SÍMI 455 4500

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

VEISTU SVARID?



1. Hvaða dóm hlaut Bjarni Árnason, fyrrverandi forstjóri Glitnis, fyrir skattalagabrot?
2. Hvaða þingmaður flytur jómfrúaræðu sína á þingi úr sæti sínu?
3. Hve stór hluti tibetsku þjóðarinnar hefur þurft að flytja í nýtt eða endurbætt húsnæði á síðustu sjö árum?

SVÖR
 1. Sex mánaða skilríkisbúnaðið fangelsi. 2. Freyja Haraldsdóttir. 3. Þriðjungur þjóðarinnar, um tveir milljónir manna.

Náttúrustofa Suðurlands segir lundaveiðarnar ósjálfbærar og að samráð hafi skort við ákvarðanatöku:

Lundar veiddir á ný í Vestmannaeyjum

NÁTTÚRA Bæjarráð Vestmannaeyja hyggst heimila lundaveiði á skipulagssvæði bæjarinnar frá 19.-31. júlí með mögulegu áframhaldi frá 6.-13. ágúst. Lundaveiðar hafa verið bannaðar í Eyjum síðustu ár vegna fækkunar í stofninum. Í fundargerð bæjarráðs frá því á miðvikudag segir að ráðið heimili veiðarnar fyrir sitt leyti þar sem það deili þeirri skoðun bjargveiðimanna að mikilvægt sé að viðhalda menningu og hefðum í kringum bjargveiðar. Þó er tekið fram að lundastofninn verði að njóta vafans.

Georg Eiður Arnarsson er einn reyndasti bjargveiðimaður Vestmannaeyja. Hann segir lundastofninn viðkvæman en leggur áherslu á

að veiðimönnum sé annað um stofninn. „Þetta er svipað og með bóndann sem yrkir jörðina. Hann hugsar að sjálfsögðu best um hana,“ segir Georg og bætir við að málflutningur Náttúrustofu Suðurlands um lundaveiðarnar hafi verið á villigötum.

Náttúrustofa Suðurlands sendi frá sér yfirlýsingu eftir fund bæjarstjórnarinnar. Þar segir að ekkert samráð hafi verið haft við stofnunina áður en ákvörðunin hafi verið tekin. Og enn fremur að viðkoma lundastofnsins í Vestmannaeyjum hafi síðustu ár verið minni en nemur viðhaldi stofnsins og því hafi veiðarnar verið ósjálfbærar.



GEORG AÐ VEIÐUM ÁRIÐ 2007 Georg Eiður Arnarsson er einn reyndasti lundaveiðimaður Vestmannaeyja. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON



TÍMAMÓT Króatar horfa fram á ýmsar breytingar nú þegar aðildin að ESB er orðin að veruleika.

NORDICPHOTOS/AFP

Króatía er komin í Evrópusambandið

Íbúum aðildarríkja ESB fjölgaði um 4,4 milljónir á miðnætti og aðildarríkjunum um eitt. Króatíuforseti segist þó fara varlega í hátíðarhöldin því staðan er erfið. Atvinnuleysið er um tuttugu prósent, lífskjörin hafa versnað og spilling er landlæg.

KRÓATÍA, AP Þúsundir manna tóku þátt í hátíðarhöldum víðs vegar um Króatíu í gær til að fagna Evrópusambandsaðild, sem varð að veruleika á miðnætti.

Ivo Jospovic Króatíuforseti segir hátíðarhöldin vera hófleg vegna þess að efnahagsástandið í landinu sé enn mjög erfið.

„Við þurfum að þróa efnahaginn og hugsa um þau sem eru atvinnulaus núna. Það er hvorki tími né peningar til þess að standa í miklum hátíðarhöldum,“ sagði hann í viðtali við AP-fréttastofuna.

Martin Schulz, forseti Evrópuþingsins, sagði aðild Króatíu engu að síður vera sögulega: „Aðild að

ESB er engin töfralausn við vandanum,“ sagði hann í yfirlýsingu. „En hún mun hjálpa mörgum við að komast út úr fátækt og nútímavæða efnahagslífið.“

Króatía getur ekki fengið aðstoð úr neyðarsjóðum evruríkjanna, því landið fær ekki aðild að evrusvæðinu fyrr en efnahagsleg skilyrði til þess hafa verið uppfyllt.

Króatískir andstæðingar ESB efndu til mótmælafundar í gærkvöld en stuðningsmenn aðildar segja aðildina hafa verið nauðsynlega. Margir geti nú fengið vinnu handan landamæranna í betur stæðum ESB-ríkjum. Búast megi við að erlend fjárfesting aukist og

→ Króatía varð sjálfstætt ríki árið 1991 en hafði áður tilheyrð Júgóslavíu áratugum saman. Fyrir fyrri heimsstyrjöld tilheyrði Króatía keisaradæminu Austurríki-Ungverjaland.

vonir eru bundnar við að ESB geti hjálpað til við að halda spillingu í skefjum innan stjórnerfinsins.

Aðildarríki ESB eru nú 28 talsins og íbúum þeirra hefur fjölgað úr 502,4 milljónum í 506,8 milljónum. gudsteinn@frettabladid.is

Dragana Jovicic sem á ættir sínar að rekja til Króatíu vonast eftir betri tíð:

Aðild að ESB dregur úr spillingu

EVROÞUMÁL „Krótía býr ekki við mikið öryggi og vandinn þar er djúpstæður. Króatar, sem lítil þjóð, þurfa því að finna öryggi í einhverju stóru,“ segir Dragana Jovicic. Hún á ættir sínar að rekja til Króatíu og Bosníu en flutti til Íslands fyrir sjö árum og varð á dögnum fullgildur Íslendingur þegar hún fékk ríkisborgararétt.

Í dag fær Króatía formlega aðild að ESB og verður þar með 28. aðildarríki sambandsins. Mikil fátækt er í landinu og er von flestra að með aðild að ESB taki betri tímar við. Dragana segir að nú standi upp á króatísk stjórnvöld að taka á spillingu og standa við gerða samninga við Evrópusambandið og uppræta ójöfnuð.

„Í Króatíu er mikil spilling og með tilkomu ESB þrífst hún síður. Þar er einnig mikil fátækt og víða er ástandið mjög slæmt,“ segir Dragana.

Aðildarviðræður milli Króatíu og ESB hófust í október 2005 og í desember 2011 var skrifað undir aðildarsamninginn. Í janúar 2012 var aðildin samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu en að því loknu þurftu öll aðildarríki ESB að samþykkja inn-gönguna.



DJÚPSTÆÐUR VANDI Í KRÓATÍU Króatía býr ekki við mikið öryggi, segir Dragana Jovicic. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ALLIR GÖNGUSKÓR Á
20% AFSLÆTTI

YFIR 35 GERÐIR



EVEREST
 FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
 Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
 PERSÓNLEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

ÚTSALA

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

40%

TIL

70%

AFSLÁTTUR



OPIÐ

allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

og á Akureyri
í sumar!

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

„Sérálit undirstrikaði pólitískt ofstæki“

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, segir ályktun Evrópuráðsþingsins stórsigur fyrir sig og sinn málstað. Geir var sakfelldur í einum ákærulið fyrir Landsdómi, fyrir að hafa látið hjá líða að halda ráðherra-fundi um mikilvæg mál í aðdraganda hrunsins.

Í yfirlýsingu segir Geir tilefni ályktunarinnar vera landsdómsmálið og réttarhöldin yfir Júlíu Tímosenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu. „Niðurstaðan lýsir fordæmingu á pólitískum sakamálaréttarhöldum þar sem fólk er ákært fyrir pólitískar ákvarðanir eða skoðanir. Það er sannarlega dapurlegt að Íslandi skuli með landsdómsmálinu hafa verið komið í slíkan félagsskap af þáverandi ráðamönnum þjóðarinnar. Jafnframt er raunalegt hvernig þáverandi formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, Puríður Backman, sem var einn ákærenda í landsdómsmálinu, varð sér til minnkunar á þessum alþjóðlega vettvangi með sérálitu sínu og undirstrikaði enn frekar það pólitíska ofstæki sem að baki lá.“

Meirihluti styður að útrýma Landsdómi

Forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna vilja endurskoða stjórnarskrárákvæði um Landsdóm með það að augnamiði að leggja hann niður. Vinstri græn vilja taka þátt í endurskoðun. Sagnfræðingur segir Geirsmálið á skjön við reglur réttarríkis.

LANDSDÓMUR Meirihluti virðist vera fyrir því á þingi að ráðast í stjórnarskrárbreytingar til að útrýma þaðan ákvæðinu um Landsdóm. Evrópuráðsþingið ályktaði fyrir helgi að aðildarríki létu stjórnsmálsmenn ekki sæta ákærum vegna pólitískra ákvarðana, heldur ættu þær að fara fyrir dóm kjósenda en meint lögbrot að fara hefðbundna leið í gegnum réttarkerfið. Er sú ályktun meðal annars byggð á Landsdómsmálinu gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.

Eftir að ályktunin kom fram hafa forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna boðað að ákvæðið um Landsdóm verði endurskoðað. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, sagði meðal annars í samtali við Stöð 2 að eðlileg viðbrögð við ályktuninni væru að ráðast í lagabreytingar til þess að leggja Landsdóm niður.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir málið ekki hafa verið rætt formlega á vettvangi ríkisstjórnarinnar en telur líklegt að Landsdómur verði lagður niður í nánustu framtíð.

„Við höfum auðvitað séð mikla galla á þessu fyrirkomulagi, svoleiðis að mér þykir það líklegt að Landsdómur verði lagður niður, en til þess þarf auðvitað stjórnarskrárbreytingu.“

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, sagði auk þess í samtali við Vísi að innan flokks hennar væru margir á þeirri skoðun að endurskoðunar væri þörf og þau væru tilbúin að taka þátt í þeirri vinnu.

Guðni Th. Jóhannesson, lektor í sagnfræði við HÍ, segir að ályktun Evrópuráðsins sýni fram á það augljósa í málinu; Landsdómur sé rammpólitískt fyrirbæri og hafi verið það frá upphafi.

„Hugmyndin var upphaflega sú að þingið þyrfti að hafa tök á ráðherranum og geta dregið hann til



ÚR LANDSDÓMI Ályktun Evrópuráðsþingsins hefur vakið umræðu um Landsdóm. Formenn stjórnarflokkanna vilja endurskoða ákvæði um Landsdóm með það að augnamiði að leggja hann niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ábyrgðar,“ segir Guðni. „Svo sýndi það sig að þessu ákvæði var aldrei beitt, enda þótti mönnum skynsamlegra að ráðherrar væru dregnir til ábyrgðar fyrir pólitísk afgang á pólitískum vettvangi.“

Guðni bætir því við, spurður um mál Geirs H. Haarde, að ríkur vilji hafi verið til þess hér á landi að einhver sætti ábyrgð fyrir hrúnið en rætur þess hafi legið mun dýpra en þau þrjú ár sem fyrningarákvæði Landsdóms kveður á um.

„Það var svo margt að í allri málsmeðferðinni [yfir Geir]. Öllum nútímaákvæðum um rétt sakbornings og málsmeðferð var ýtt til hliðar eða troðið óþægilega inn í málsmeðferðina. Þannig var allt komið á skjön við það sem menn vilja gera í nútímaréttarríki. Það er dómur sögunnar í þessu öllu saman.“

thorgils@frettabladid.is

ÍÐNAÐARRYKSUGUR MÚRBÚÐARVERÐ

Arges HKV-100G515
1000W, 15 lítrar

23.900,-

Drive Biskúrsryksugan
1200W, 20 lítrar

7.490,-

Ryk/blautsuga Drive ZD10-
50L 1000W, 50 lítrar

28.900,-

Ryk/blautsuga Drive ZD98A-
2B 2000W, 70 lítrar

43.900,-

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum



MURBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð? –

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

NOKKRIR OPEL ASTRA DÍSIL Á SÉRKJÖRUM

Opel Astra Enjoy dísil Turbo 5d

1.7 Ecoflex 130 hestöfl / 300Nm / CO₂ 99g/km
Beinskiptur 6 gíra / hraðastillir / loftkæling

Frítt í stæði í miðborginni



Verð frá*: **3.990.000 kr.**
Verð áður 4.390.000 kr.

3,7 l
/100 km¹

Opel Astra Enjoy dísil Turbo 5d Wagon

1.7 Ecoflex 130 hestöfl / 300Nm / CO₂ 105g/km
Beinskiptur 6 gíra / hraðastillir / loftkæling

Frítt í stæði í miðborginni



Verð frá*: **4.190.000 kr.**
Verð áður 4.590.000 kr.

4,0 l
/100 km¹

Opel Astra Wagon vinnur 100.000 km gæðaprófun Auto Motor und Sport.

Opel Astra Wagon vann á dögunum 100.000 km gæðaprófun þýska bílátímaritsins Auto Motor und Sport. Opel Astra sigraði keppinauta á borð við VW Golf, Mercedes A class og Toyota Prius. Aldrei þurfti að leita með bílinn á verkstæði vegna óvæntar bilunar heldur einungis að koma í reglulegar eftirlitsskoðanir þá 104.800 km sem bílnum var ekið af blaðamönnum tímaritsins. Að launum hlaut Opel Astra nafnbótina „áreiðanlegasti bíllinn“. Til hamingju Opel!

Komdu í heimsókn í nýjan sýningarsal okkar að Ármúla 17



Wir leben Autos.

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000 **BL**

facebook.com/opelvinir

*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði. **Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda.

Grétar
„Kojak“

Hjörtur
„Mr Player“



3.tonn

ÞORSKBITAR

roðlausir og beinlausir

1.390

Kr/kg

Tilboðið gildir aðeins í dag og á morgun þriðjudag

Uppskriftir af Þorskbitum

- Þorskbíta er gott að velta upp úr hveiti og eggji, krydda með salti og pipar og steikja á pönnu. Hafa með Berniessósu eða Piparsósu, soðnar kartöflur og salat.

- Þorskbíta er gott að velta upp úr raspi og steikja á pönnu. Krydda með sítrónupipar og salti. Steikja ferskann lauk á pönnu upp úr smjöri eða smjörlíki og setja ofan á fiskinn. Borið fram með soðnum kartöflum.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is



Úrskurður dómstóls vegna reikninga frá sænska sjónvarpinu:

Afnotagjald nær yfir tölvur

SVÍPJÓÐ Margir erlendir háskólanemar í Svíþjóð hafa auk annarra íbúa landsins fengið reikning frá Radiotjänst, dótturfélagi sænska ríkissjónvarpsins og ríkisútvarpsins, þótt þeir eigi ekki sjónvarp. Þeir sem eiga tölvu en ekkert sjónvarp verða samt sem áður að borga sjónvarpsáskrift samkvæmt úrskurði stjórnslu-dómstóls í Luleå fyrr á þessu ári. Upphæðin er 2.076 sænskar krónur á ári eða jafngildi rúmlega 38 þúsunda íslenskra króna.

Erlendu nemarnir eru afar ósáttir. Lítið var svo á að þar sem búnaðurinn í tölvum gæti tekið á móti sjónvarpsefni væri um að ræða tæki sem greiða þyrfti afnotagjald af, að því er segir í frétt á vef sænska ríkisútvarpsins.

Haft er eftir upplýsingafulltrúa Radiotjänst að ferðamenn þurfi ekki að greiða afnotagjald, heldur þeir sem dvelji lengur en tvo mánuði í landinu.

Það var í kjölfar beinna útsendinga TV4 og SVT á netinu sem

starfsmenn Radiotjänst fóru að hringja og spyrja einstaklinga sem ekki höfðu tilkynnt að þeir ættu sjónvarp hvort þeir ættu ekki tölvu, spjaldtölvu eða snallsíma.

Nú hefur verið úrskurðað í erindum 19 einstaklinga sem krafðir voru um greiðslu afnotagjalds af tölvu. Eftir er að ákvarða hvort afnotagjaldið eigi jafnframt við um spjaldtölvur og farsíma.

Vitað er að nokkrir einstaklinganna nítján ætli að áfrýja til æðra dómstígs.

- ibs



SAMEINGU MÓTMÆLT
Fjölmenn var á pöllumum í Ráðhúsi Reykjavíkur þegar sameiningamál grunnskóla voru til umræðu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Segja engan ávinning af sameiningum

Umfangsmiklar sameiningar grunnskóla hafa árið 2013 sparað borginni 180 milljónir. Áætlanir gerðu ráð fyrir að hann yrði vel yfir milljarði árið 2014.

REYKJAVÍKURBORG Sameiningar grunnskóla voru of stór aðgerð þegar lítið er til þess hversu litlum hagnaði hagræðingin hefur skilað og aðeins til þess fallnar að skapa öryggi í skólasamfélaginu. Þetta er skoðun Lífar Magneudóttur, fulltrúa Vinstri grænna í skóla- og frístundaráði, og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í ráðinu.

„Við í Vinstri grænum höfum haldið því fram að þessar sameiningar skili engu nema að skapa öryggi í skólasamfélaginu. Fjárhagslegur ávinningur sé enginn,“ segir Lífa Magneudóttir. „Í skýrslu starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila frá því í febrúar 2011 er lögð fram áætlun um hvað eigi að sparast. Það hefur alls ekki gengið eftir.“

Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundaráði borgarinnar hefur hagræðingin skilað 180 milljón króna sparnaði en gert var ráð fyrir 1.137 milljóna sparnaði.



LÍFA MAGNEUDÓTTIR **ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, var þátttakandi í undirbúningsstarfshópi en sat hjá við afgreiðslu á lokatillögum hópsins þar sem hún taldi að fjárhagslegur ávinningur af þeim væri of lítill miðað við það rask á skólasterfi sem þær hefðu í för með sér.

Þorbjörg Helga segir að ekki sé enn búið að sýna fram á hagnaðinn af sameiningunum, en hún óskaði eftir ítarlegri greiningu á hagræðingu á sviðinu vegna sameiningar skóla fyrir einum og hálfum mánuði. Þeirri beiðni hefur ekki verið svarað.

nanna@365.is

Stjórnunarstöðum fækkað

Leikskólar Reykjavíkur komu að mati Lífar einna verst út úr sameiningunni; þó að birtar kannanir sýni ánægju meðal foreldra sé ólga í stéttinni. „Hagræðingin felst í því að fækka stjórnunarstöðum í láglaunastétt þar sem meirihlutinn er konur. Okkur í Vinstri grænum finnst þetta vera eitt mikilvægasta starfið og þetta hjálpar ekki til við að laða fólk til þess að starfa í leikskólum.“ Hún segir það áhyggjuefni að starfsfólki og stjórnendum í leikskólum fækki á meðan börnum fjölgi og álag aukist.

SUMARTILBOÐ

Allt að 40% afsláttur !

Sturtuhorn m/botni Verð frá kr.21.900

Sturtuhurðar Verð frá kr.16.900

Sturtuveggir 6mm Verð frá kr.27.900

Baðkarshlífar Verð frá kr.14.900

Sturtustangasett Verð frá kr.1.900

Baðinnréttingar

Allt að 60% afsláttur
Yfir 40 mismunandi
innréttingar í sýningarsal
Verð frá kr. 12.900.-

Speglar með ljósum
allt að 50% afsláttur

www.i-t.is



* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *

* Opíð virka daga frá kl. 9-18 *

ED DU MED DÍBBLAD NEB?



ÁN
ROTVARNAR-
EFNA

Parftu að losa um stífluna?
Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

Meira flutt inn en flutt út fyrstu mánuði ársins:

Vöruskipti óhagstæð

EFNAHAGSMÁL Vöruskipti við útlönd voru óhagstæð um 6,7 milljarða króna, samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofunnar. Á sama tíma í fyrra voru vöruskiptin óhagstæð um 1,9 milljarða króna.

Fluttar voru út vörur fyrir 43,5 milljarða króna og inn fyrir 50,2 milljarða króna.

„Fyrstu fimm mánuðina 2013 voru fluttar út vörur fyrir 251,3 milljarða króna en inn fyrir 227,5 milljarða,“ segir Hagstofan. Því varð 23,8 milljarða króna afgangur á vöruskiptum við útlönd á



GÁMASKIP Fyrstu fimm mánuði ársins er afgangur á vöruskiptum við útlönd, en minni en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tímabilinu. Staðan er tveimur milljörðum óhagstæðari en á sama tíma í fyrra, þegar afgangur var 25,8 milljarðar. - óká

Tveir bræður ákærðir fyrir líkamsárásir á Kaffi Amsterdam:

Bræður börðu tvo á sama stað

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvo bræður, 28 og 20 ára, fyrir líkamsárásir og annan þeirra fyrir hótanir. Öll brotin voru samkvæmt ákærinni framin 25. nóvember síðastliðinn.

Eldri bróðirinn er ákærður fyrir að hafa ráðist á mann á Kaffi Amsterdam við Hafnarstræti, kýlt hann ítrekað í höfuðið og bitið hann í eyrað. Þolandinn hlaut mörg sár á höfði, að því er segir í ákæru, djúpa skurði og rifu á neðri vör, auk þess sem flípi rifnaði af hægri ytra eyra og vinstra eyrað var sundurskorið.

„Er búinn að siga á þig mannaveiðara“

Eldri bróðirinn er ákærður fyrir að hringja í manninn sem hann hafði áður gengið í skrokk á og hóta honum.

„Ef þú þekkir mig raunverulega ekki þá er ég dópsali og er búinn að siga mannaveiðara á þig akkúrat núna, 200.000, þú skalt andskotinn borga mér þessar 200.000 vegna drullugangsins í gærkvöldi,“ sagði hann í einu símtalinu.

„Þú skalt útvega 200.000 frá því núna til þess fyrsta, því annars er þér hollara að koma þér frá Íslandi,“ sagði hann í öðru. Alls voru símtölin fjögur.

Þá brotnuðu í honum þrjár tennur.

Yngri bróðirinn er ákærður fyrir að hafa slegið annan mann á sama öldurhúsi sömu nótt. Þá er sá eldri

jafnframt ákærður fyrir hótanir daginn eftir í garð þess sem hann hafði beitt ofbeldi, eins og nánar má lesa um hér til hliðar. - sh



BÓNUS Hagar reka alls 58 verslanir innan sex smásöluþyrirtækja og fjögur vöruhús. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árshlutauppgjör Haga:

Hagnaður Haga að aukast

VIÐSKIPTI Hagar högnuðust um 837 milljónir króna á fyrsta fjórðungi ársins. Til samanburðar var 628 milljóna króna hagnaður á fyrsta fjórðungi ársins 2012.

Vörusala Haga á ársfjórðungnum nam 18,4 milljörðum króna og jókst um ríflega milljarð milli ára. Rekstrarhagnaður var 1.168 milljónir en var 953 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Í fréttatilkynningu frá Högum segir að rekstur félagsins á ársfjórðungnum hafi verið umfram áætlanir. Þá séu horfur í rekstri félagsins í takt við árangur þess á síðastliðnu ári. - mpi



FARIÐ HRATT YFIR Hjólað verður frá Hörpu að Laugarnesvegi í keppni sem haldin verður á fimmtudag.

Keppnisvöllur á Sæbraut:

Hjólað hratt í góðgerðarskyni

HJÁLPARSTARF Keppt verður um titilinn hraðskreiðasti hjólreiðamaður landsins á fimmtudag. Lyfjafyrirtækið Alvogen stendur fyrir keppninni en þátttökugjöld renna óskipt til UNICEF og Rauða krossins.

Rásmark er við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu og þaðan er hjólað eftir Sæbraut. Endamarkið er við gatnamótin við Laugarnesveg.

Auk þess að verðlauna sigurvegara keppinnar, verða sérstök verðlaun veitt fyrir öflugustu stuðningsmannasveitina.

Skráning fer fram á vefsíðunni www.hjolamot.is og opið er fyrir skráningar til miðnættis þriðjudaginn 2. júlí. - ne

LEIKSKÓLAR

Ánægja með leikskólastarf

Mikil ánægja er meðal foreldra með starf leikskóla í Reykjavíkurborg. Þetta kemur fram í viðhorfskönnun sem framkvæmd var á fyrri hluta árs 2013. 93 prósent foreldra voru ánægð, sem er þó lægra en árið áður þegar 95 prósent foreldra voru ánægð, ir með starf leikskólanna.

TILBOÐSPRÍSUR

TIL FÆREYJA Í SUMAR



FERÐADAGAR:

31. júlí – 7. ágúst

7. – 14. ágúst

14. – 21. ágúst

21. – 28. ágúst

Takmarkað sætaframboð

Aðeins bókanlegt í síma

Bókunarfyrirvari 14 dagar

570 3030

BÖRN 50% AFSLÁTTUR
UNGABÖRN 90% AFSLÁTTUR

TILBOÐ
29.900 kr.

FRAM OG TIL BAKA
MEÐ SKÖTTUM

#FLUGFELAG

VINGUMST: facebook.com/flugfelag.islands

FLUGFELAG.IS

FÆREYJAR ERU FALLEGAR AÐ SUMRINU. Landslagið er ekki ólíkt íslensku landslagi – bara allt öðruvísi. Fjarlægðin ætti heldur ekki að vera neinum þrándur í götu, flugið tekur bara klukkustund. Bókaðu sumarferð til Færeyja á sérstöku tilboðsverði, aðeins 29.900 kr. báðar leiðir í síma 570 3030.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Pólitíkusar neita að skilja eðli lífeyrissjóðanna:

Sama fólk, annar vasi

Fréttablaðið sagði frá því á föstudaginn að ríkisstjórnin hygðist ekki efna loforð fyrrverandi stjórnar við lánsveðshópinn svokallaða, sem á yfirveðsettar eignir og hefur tekið lán hjá lífeyrissjóðum með veði í eign annars fólks. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra benti á það í samtali við blaðið að vinstri stjórnin hefði gleymt að fjármagna loforðið; engar fjárheimildir væru til fyrir þeim þremur milljörðum sem talið er kosta að færa skuldir þessa hóps að 110% af verði fasteignarinnar. Það er fullkomlega málefnaleg ástæða fyrir því að efna ekki loforðið; stjórnmalamenn eiga ekki að lofa rétt fyrir kosningar að gera eitthvað sem ekki eru til peningar fyrir.

Það var þess vegna ófor-skammað af Katrínu Júlíusdóttur, fyrrverandi fjármálaráðherra, að gagnrýna það á Alþingi daginn sem fréttin birtist að ný ríkisstjórn hygðist ekki hrinda yfirlýsingu þeirrar gömlu í framkvæmd. Sá sem hefur verið fjármálaráðherra á að vita að innstæðulaus kosningaloforð eru einskis virði.

Hins vegar komu viðbrögð forystumanna stjórnarinnar líka á óvart. Bæði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gagnrýndu samkomulag fyrri stjórnar á þeim forsendum að lífeyrissjóðirnir hefðu farið allt of vel út úr því, á kostnað skattgreiðenda. Forsætisráðherrann sagði að það væri „óásættanlegt“ að lífeyrissjóðirnir bæru aðeins tólf prósent kostnaðar við aðgerðina. Ríkið hefði gefið of mikið eftir í viðræðum við lífeyrissjóðina og þeir þyrftu að koma að fjármögnun málsins með „eðlilegri hætti“.

Undir þetta tók Bjarni Benediktsson og sagði að kostnaður lífeyrissjóðanna samkvæmt samkomulaginu væri ekki nema það sem þeir hefðu hvort sem er setið uppi með vegna tapaðra lána.

Síðasta kjörtímabil einkenndist af ósanngjörnum kröfum stjórnvalda á hendur lífeyrissjóðunum og raunar beinum hótunum í þeirra garð fyrir að „gera ekki sitt“ til að taka þátt í að leysa skuldavanda. Þessar kröfur og hótanir lýstu fullkomnu skilningsleysi þáverandi stjórnarmeirihluta á eðli og hlutverki sjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir eru sameign landsmanna. Hver einasti launamaður á þar réttindi, sem eiga að tryggja afkomu hans í ellinni eða ef slys eða veikindi ber að höndum. Stjórnir lífeyrissjóðanna hafa ekkert leyfi til að afskrifa skuldir sem horfur eru á að hægt sé að innheimta. Í lögum um sjóðina er sérstaklega tekið fram að þeim sé ekki heimilt að inna nein önnur framlög af hendi en lífeyri. Féð í sjóðunum er sömuleiðis eign sjóðfélaganna og sem slíkt verndað af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinna. Þeim er ekki heimilt að gefa þessar eignir eftir, eins og Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, sagði í Fréttablaðinu á laugardag.

Það er áhyggjuefni ef nýja stjórnin er haldin sama skilningsleysi og sú gamla. Það er nákvæmlega ekkert unnið með því að færa kostnað af skattgreiðendum yfir á sjóðfélaga í lífeyrissjóðum, því að þetta er sama fólk, bara seilt á annan vasa.

Merkilegast er þó að forsætisráðherrann hafi ekki fundið neina vonda útlendinga til að borga þennan reikning. Getur verið að skuldaniðurfærsla muni í alvörunni koma niður á skattgreiðendum og sjóðfélögum lífeyrissjóðanna?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Smurostar
við öll tækifæri

Ný viðbót í ...

- ... baksturinn
- ... ofnréttinn
- ... brauðréttinn
- ... súpuna

eða á hrökkbrauðið

... ný bragðtegund

FRÁ DEGI TIL DAGS

Almennar og sértækar aðgerðir
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra lýsti yfir miklum vonbrigðum með Samtök atvinnulífsins í viðtali á Bylgjunni í gær. Fannst Sigmundi „ótrúlegt“ að SA skyldu „beita sér gegn því að almenningur fái úrlausn skuldamála með almennum hætti“ á meðan SA og aðildarfélög hefðu þrýst á um skuldaleiðréttingu fyrir fyrirtæki. Þarna er ólíkum hlutum jafnað saman, þar sem fyrirtæki eru einmitt metin hvert fyrir sig, en ekki almennt yfir línuna, og fá úrlausn eftir því sem tilefni þykir til, hvað svo sem fólk finnst um réttlætið í því.

„Heimilin í landinu“ og hinir
Svo er það þetta með aðgerðirnar „fyrir heimilin“, sem SA og Seðlabankinn (SÍ) hafa

varað við í útfærslu ríkisstjórnarflokka. Þarna er rætt um aðgerðir fyrir ákveðinn hóp heimila; þau sem fóru flatt á verðtryggingu húsnæðislanum. SA og SÍ (auk enn fleiri skammstafana sem hafa deilt á stefnu stjórnarinnar) benda einfaldlega á að aðgerðirnar geti valdið enn frekari óstöðugleika, sem hefði aftur neikvæð áhrif á stöðu allra landsmanna, með aukinni verðbólgu, hækkandi vöxtum og lækkandi gengi krónunnar.

Pólitík og flokkspólitík

Nú er stemmning fyrir því að breyta lögum um Landsdóm, enda almennt álitnið að pólitík eigi lítið erindi inn á svið dómsvaldsins. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, er



fylgjandi breytingum en sagði aðspurð á Vísí í gær að málshöfðunin gegn Geir Haarde hefði ekki verið mistök í sjálfu sér þar sem þingmenn hefðu verið að „fylgja lagabókstafnum að einhverju leyti eins og hann er“. En svo bendir Katrín á að henni hafi þótt eðlilegt að ákæra alla fjóra ráðherrana sem kallaðir voru til. Þar liggur hundurinn einmitt grafinn. Málið var alltaf pólitískt, en með því að nokkrir þingmenn Samfylkingar greiddu atkvæði með því að ákæra Geir en ekki Ingibjörgu Sólrúnu var málið gert flokkspólitískt, eins og staðan bauð alltaf upp á. Það var því ekkert í lagabókstafnum sem lagði þá kvöld á þingmenn að ákæra Geir, einn manna, heldur mat pólitískra fulltrúa. thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Sameinaðir kraftar í lofti, láði og legi

SAMGÖNGUR



Hermann Guðjónsson
Forstjóri Samgöngustofu

Í dag tekur til starfa Samgöngustofa, stjórnsýslustofnun samgöngumála í samræmi við lög frá 30. nóvember sl. Þar með sameinast stjórnsýsla og eftirlit samgöngumála í eina stofnun, hvort sem þau varða flugmál, hafnamál og mál er varða sjóvarnir, siglingamál, umferðarmál eða vegamál. Til stofnunarinnar færast öll verkefni sem áður heyrðu undir Flugmálastjórn Íslands og Umferðarstofu, svo og stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni Siglingastofnunar Íslands auk leyfisveitinga og umferðareftirlits sem áður voru á hendi Vegagerðarinnar. Samhliða færast framkvæmda- og rekstrarverkefni Siglingastofnunar til Vega-gerðarinnar.

Hlutverk

Samgöngustofu er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið. Í stuttu máli má því segja að Samgöngustofa eigi að vinna að þróun öflugra og öruggra samgangna. Það er stórt hlutverk og mikilvægt. Á umliðnum árum og áratugum hefur aukin tækniþekking, ítarlegri rannsóknir, vandaðra eftirlit og betri stjórnsýsla eftl samgöngur og fækkað alvarlegum slysum þeirra

sem eru á faraldsfæti. Með sameiningu stjórnsýslu og eftirlits í siglingum, flugi og umferð á vegum hefur verið stigið mikilvægt skref í að sameina krafta til að bæta samgöngur og auka öryggi fólks á ferðinni í lofti, á láði og legi. Samnýting á þekkingu sem skapast hefur í árána rás á vönduðum aðferðum hefur og mun áfram skila góðum arði fyrir íslenskt samfélag.

Tækifærin

Mörg tækifæri felast í stofnun Samgöngustofu og til að nýta megi þau sem best er áriðandi að hugsa út fyrir rammann. Þó að viðfangsefni hafi verið unnin með tilteknum hætti, jafnvel um langt skeið, er ekkert verklag svo gott að ekki megi bæta. Samvinna við aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfseminni er nauðsynleg og hefur reynst heilladrjúg. Hið sama má segja um alþjóðasamstarf, en mikilvægt er að halda á lofti íslensku hagsmunum þegar reglur sem okkur viðkoma eru settar á þeim vettvangi.

Hjá Samgöngustofu munu starfa um 160 manns, eljúsamt fólk með mikla faglega þekkingu. Við hefjum störf fullbjartsýni og erum þess fullviss að sameinaðir kraftar verði framfaraspor fyrir íslenskt samfélag.

LÍÚ-varpið

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Við þurfum að tala um hann Davíð.

Og nú ranghvolfa margir augum og fórn höndum en vinir hans og félagar glotta illyrmislega og segja glaðir í bragði: „Þið eruð með Davíð á heilanum.“

Ætli það sé nú ekki eitthvað orðum aukið. Hitt er verra, að hann virðist enn að störfum í heilabúum svo margra sjálfstæðismanna. Í stað þess að sitja í sæmd sinni og skrifa skemmtilegar minningar, eins og ekki er að efa að hann gæti gert, er hann enn á þönum að stýra og stjórna, ráða. Eftir allt það sem á undan er gengið er það með nokkrum ólíkindum að enn skuli hugmyndir þessa manns vera á dagskrá – enn sé hann í hópi þeirra sem ráða. Sjálfur hrunkvöðullinn.

Við getum því miður ekki látið eins og skrif Davíðs Oddssonar séu eins og hvert annað heitapottsskvaldur og skvamp eins og manni heyrir stundum að samflokksmenn hans vilji að þau séu afgreidd.

Brennt hefur Davíð einkum skrifað um í ritstjóratíð sinni af undraverðri þrákelni: Evrópumál, afnám veiðigjalds og Ríkisútvarpið.

Svo einkennilega vill til að þetta eru einmitt þau þrjú mál sem ný ríkisstjórn hefur sett á oddinn.

Hinn bitri ráðgjafi

Í ævintýrunum gömlu fer ungi maðurinn út í heim til að afla sér frægðar og frama með nesti og nýja skó. Á vegi hans verður fljótlega kátlegur karl, oftast dvergur, sem í þjóðsagnafræðunum er nefndur „hinn vitri ráðgjafi“; hann hjálpar unga manninum yfir margs konar hindranir svo að hann megi að lokum hreppa kóngsdótturina og hálfu kóngsríkið.

Okkar nýi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, skrifaði á dögunum langa grein í Morgunblaðið um það margvíslega mótlæti sem hann hefur mátt þola á stuttum ráðherraferli sínum, og virtist vilja rekja það í einn stað: fréttáflutning RÚV. Hann lét á sér skilja að myndi RÚV láta ógert að segja tilteknar fréttir myndi engin andstaða vera við gerðir ríkisstjórnarinnar. Slíkar hugmyndir heyrast að vísu stundum frá landstjórnarmönnum, en ekki ýkja oft frá þeim evrópsku lýðræðisríkjum sem við Íslendingar vildum til skamms tíma bera okkur saman við. En kunnuglegur var söngurinn: Engu var líkara en að Davíð Oddsson hefði skrifað fyrir hann greinina, svo samhljóða var hún átjánhundrað undangengnum leiðurum Davíðs um sömu vá. Hinn vitri ráðgjafi hefur raunar lýst því yfir að leggja eigi niður Ríkisútvarpið.

Það er kunnugleg afstaða fyrir okkur sem lengi höfum búið við störf Davíðs – hann gerir þetta gjarnan: Hann leggur niður.

Þegar hann var forsætisráðherra hafði hann það einkum að leiðarljósi í samskiptum við ríkisstofnanir, að þegar einhver þeirra hafði eitthvað fram að færa sem honum fannst ekki ástæða til að kæmi fram skyldi hún einfaldlega lögð niður. Þess vegna var Þjóðhagsstofnun lögð niður og þess vegna fengu Íslendingar engar fregnir – nema alveg framúrskarandi – um stöðu þjóðarbúsins fyrir en Geir Haarde það Guð að blessa landið.

Og nú þegar Davíð er á gamals aldri kominn í fjölmiðlabransann og heyrir eitthvað í Ríkisútvarpinu sem honum finnst vera óþarft að hafa orð á þá er það fyrsta hugmynd hans að leggja skuli Ríkisútvarpið niður. Þannig hugsar hann. Hefði Davíð orðið fótboltamaður og Valsari hefði hann væntanlega krafist þess að KR yrði lagt niður.

Við héldum öll að Illugi Gunnarsson yrði svo ágætur menntamálaráðherra af því að hann kann á píanó en það var eigi að síður fyrsta mál á dagskrá hjá honum að ganga erinda Davíðs, sterka mannsins í Sjálfstæðisflokknum sem ræður yfir heilabúum svo margra sjálfstæðismanna, og láta herða tök Flokksins á RÚV.

LÍÚ?

Og nú er maður farinn að heyrja glaðbeitta sjálfstæðismenn tala um að selja RÚV – það tókst nefnilega svo ljómandi vel til með Póst og síma og Landsbankann. En þá er að gæta þess að stofnunin komist í réttar hendur og tryggt verði að engar fregnir berist af stöðu þjóðarbúsins og framgöngu stjórnarinnar nema alveg framúrskarandi. Ekki er að efa að leiðtogi er búinn

að þrauthugsa þetta. Raunar er það einungis einn aðili sem er treystandi til þess að reka RÚV sómasamlega og með þeim hætti að ekki sé alltaf verið að segja frá einhverju og tala um eitthvað í útvarpið sem fólk hefur alls ekki gott af því að heyra um. Það er hún Guðbjörg í Vestmannaeyjum og mannskapurinn sem Gunnlaugur Sævar hefur af eljusemi safnað kringum hana – Samherjamenn og aðrir útgerðarrísar. Þetta fólk hefur fjárhagslegt bolmagn til að reka Ríkisútvarpið með reisu og ekki er að efa að það mun sjá til þess að þjóðmenningarleg verðmæti verði þar í hávegum höfð.

Við þurfum nefnilega að tala um hann Davíð; það má ekki líta af honum, þá er hann búinn að selja Símann eða Landsbankann eða plata drengina sína til að selja Ríkisútvarpið útgerðar-

Okkar nýi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, skrifaði á dögunum langa grein í Morgunblaðið um það margvíslega mótlæti sem hann hefur mátt þola á stuttum ráðherraferli sínum, og virtist vilja rekja það í einn stað: fréttáflutning RÚV.

mönnum sem hann starfar nú fyrir. Einhver svona þanki lúrir á bak við þrálátar árásir hans á Ríkisútvarpið – sem við eigum öll – enn sem komið er. Hann mun ekki linna látum fyrr en RÚV er orðið LÍÚ-varpið.

Láttu drauminn rætast

Skemmtisiglingar með VITA

Modern
Luxury
Experience it.

Miðjarðarhaf og Adríahaf



Celebrity Equinox
25. sept. - 8. okt. 2013

Barcelona, Dubrovnik í Króatíu, Svartfjallaland, Fenejar, Napoli, Róm og Livorno á Ítalíu og Villefranche (Nice) í Frakklandi.

Verð frá **379.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

Innifalið: Flug, 12 náttu sigling í innri klefa, gisting í eina nótt í Barcelona fyrir siglingu, akstur og skattar.

*Verð án Vildarpunkta: 389.900 kr.

Fararstjóri: Kristinn R. Ólafsson



New York og S- Karíbahaf



Nýtt

Explorer of the Seas
2. - 15. nóvember 2013

New Jersey - USA, Labadee - Haiti, San Juan - Puerto Rico, Phillipsburg - St. Maarten, St. Johns - Antigua, Basseterre - St. Kitts og New York - USA

Verð frá **339.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

Innifalið: Flug, gisting í New Jersey fyrir og New York eftir siglingu 11 náttu sigling með fullu fæði, akstur og skattar.

*Verð án Vildarpunkta: 349.900 kr.

Fararstjóri: Lilja Jónsdóttir



Karíbahaf, Mið- og Suður- Ameríka



Celebrity Equinox
28. feb. - 15. mars 2014

Flórída, Grand Cayman, Kólumba, Panama, Kosta Ríka, Gvatemala, og Cozumel.

Verð frá **379.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

Innifalið: Flug, 11 náttu sigling í innri klefa, gisting í 3 nætur fyrir siglingu og eina nótt eftir siglingu í Orlando, akstur og skattar.

*Verð án Vildarpunkta: 389.900 kr.

Fararstjóri: Lilja Jónsdóttir



VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Öll verð eru á mann í tvíþvíli. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald. Nánari upplýsingar um hvað er innifalið í hverri ferð eru á VITA.is

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

MERKISATBURÐIR

- 1881** Alþingi kemur saman í fyrsta sinn í Alþingishúsinu við Austurvöll.
- 1886** Landsbanki Íslands, fyrsti banki á Íslandi, hefur starfsemi sína við Bakarastíg í Reykjavík.
- 1908** Páll Einarsson tekur til starfa sem fyrsti borgarstjórinn í Reykjavík.
- 1926** Landhelgisgæsla Íslands er stofnuð.
- 1928** Líflátshægning er afnumin á Íslandi, en henni hafði ekki verið beitt í nær heila öld.
- 1931** Þýska loftskipið Graf Zeppelin kemur til Reykjavíkur með pósti og tekur hér fyrsta flugpóst til útlanda.
- 1934** Markarfljótsbrú er vígð og er þá lengsta brú landsins, 242 metrar á lengd.
- 1986** Guðrún Erlendsdóttir verður hæstaréttardómari, fyrst íslenskra kvenna.
- 1992** Aðskilnaður er gerður á milli dómsvalds og umboðsvalds sýslumanna á Íslandi.
- 2000** Kristnihátíðin er sett á Þingvöllum.



FRÆDSLUGANGA Gönguferðin annað kvöld tekur einn og hálfan til tvo tíma.

Táknmálstúlkur með í gönguför

Skipsskaðar á sundunum og útgerð frá austurbakka Viðeyjar verður þema fræðslugöngu um Viðey annað kvöld.

Í göngu um Viðey annað kvöld er unnt að fræðast um skipsskaða þá sem orðið hafa á sundunum í Kollafirði. Margar sagnir eru til af þeim en þeirra þekktastir eru Ingvarsslysið 7. apríl 1906 og strandtundur-spillisins Skeena þann 24. október 1944. Í upphafi 20. aldarinnar hóf félagið P. J. Thorsteinsson & Co að gera út frá Sundbakka, austast í Viðey, og voru reist mikil og nútímaleg mannvirki í tengslum við þá útgerð. Frá þessu og mörgu öðru verður sagt þetta þriðjudagskvöld. Leiðsögumaður frá Sjóminjasafninu í Reykjavík leiðir gönguna og með honum verður táknmál-

túlkur svo enn fleiri geti notið fræðslunnar.

Á þriðjudagskvöldum eru aukaferðir til Viðeyjar frá Skarfabakka klukkan 18.15 og 19.15. Kaffihúsið í Viðeyjarstofu er opið þessi kvöld. Gangan hefst klukkan 19.30 við Viðeyjarstofu og tekur eina og hálfu til tvær klukkustundir. Að göngu lokinni er hægt að tylla sér niður í Viðeyjarstofu og fá sér hressingu áður en siglt er heim um klukkan tíu.

Gjald í ferjuna fram og til baka er 1.100 krónur fyrir fulloröna og 550 fyrir börn, sjö til 15 ára í fylgd fullorðinna en frítt fyrir sex ára og yngri. Leiðsögnin er ókeypis og öllum opin.



AD LANGHÚSUM Í FLJÓTSDAL Öll útihús á Langhúsum eru úr torfi og grjóti og eru enn í fullri notkun.

Torfhúsin eru sameiginlegur arfur þjóðarinnar

Hjörleifur Stefánsson arkitekt fjallar um torfbyggingar í víðu samhengi í nýrri bók sinni, Af jörðu – íslensk torfhús, meðal annars fagurfræði þeirra og tengsl við landslagið.

„Sem 14 ára unglingur byrjaði ég að aðstoða uppgjafabændur sem voru að hlaða torfveggi við laxeldisstöðina í Kollafirði og vann með þeim þrjú sumur. Þar lærði ég undirstöðuatriði handverksins.“ Þannig lýsir Hjörleifur Stefánsson arkitekt fyrstu kynnum sínum af torfi sem byggingar-efni. Í arkitektúrnammi sínu í Noregi kveðst hann hafa lagt sig eftir að fást við gömul hús og menningarmínjar og heimkominn hafi hann svo verið starfsmaður Þjóðminjasafnsins í nokkur ár. Nú hefur hann skilað af sér stórra og vandaðri bók um torfhús, byggða á rannsóknum hans og eilægum áhuga og birtir fjölda mynda og uppdráttu, auk texta á mannamáli.

„Um aldamótin 2000 fór ég að hugleiða að taka saman svona bók og hef síðan verið með það verkefni í höfðinu. Ég hef farið í nokkra leiðangra á sumrin til að sanka að mér efni og síðustu þrjú til fjögur ár hef ég unnið að því af svolitlu kappi,“ lýsir hann.

Mismunandi aðferðir

Hjörleifur segir það fara eftir landslutum hvernig torfhús voru byggð hér á Íslandi og útskýrir það nánar. „Um það leyti sem Ísland var numið byggði fólk úr torfi og grjóti mjög víða um norðanverða Evrópu og nánast alls staðar í strandhéruðum. Hver maður varð að byggja sitt hús sjálfur með þeirri verkunnáttu sem hann hafði og úr því efni sem hann hafði aðgang að. Flestir byggðu úr þeim jarðvegi sem var undir fótum þeirra og því sem þeir áttu. Á Íslandi var torfið kannski eina efnið sem gerði það að verkum að hægt var að búa hér. Það einangraði vel gegn kulda, því hífýli voru lengst af óupphituð, nema af þeim yl sem kom frá mönnum og dýrum. Menn byggðu úr því sem var við höndina og fornleifarannsóknir benda til þess að hlaðið hafi verið úr torfi um allt land en með mismunandi hætti eftir aðstæðum. Tökum sem dæmi Skagafjörð og Ísafjarðardjúp. Í Skagafirði er alls staðar hægt að fá gott torf en þar er lítið um grjót en við Djúpið er hægt að fá nóg af grjóti en erfiðara að fá torf. Þetta setti svip á byggingarnar. Við Ísafjarðardjúp voru grjótveggir hlaðnir en fylltir af torfi og mold til einangrunar. Í Skagafirði voru flestir veggir hlaðnir úr torfi. Öll þessi hús kölluðust samt torfhús.“

Tvær fjósbaðstofur segir Hjörleifur til á landinu, á Galtastöðum fremri í Hróarstungu og í Selinu í Skaftafelli. „Fjósbaðstofur voru stórmærkilegt fyrirbæri sem þekktust frá því á 15. öld en urðu algengar á 19. öld, aðallega á Austur- og Norðausturlandi,“ upplýsir hann en telur hann Íslendinga eiga nóg af torfbæjum? „Þjóðminjasafnið byrjaði snemma að bjarga torfhúsum en á þeim tíma þá litu menn fyrst og fremst til þeirra bestu og stærstu og það voru gjarnan höfðingjasetur. Nú saknar maður þess að hífýli almúgans vantar. Þannig að við höfum gert margt en ekki nógu mikið. Það eru enn til hús þar sem steinsteyptur eða hlaðinn reyk háfur var í miðju húsinu og öllum her-



ARKITEKT OG RITHÖFUNDUR Hjörleifur deilir vinnustofu með eiginkonu sinni Sigrúnu Eldjárn rithöfundu og veggir stofunnar eru skreyttir af þeim báðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

bergjum var skipað umhverfis hann til að ná í yl. Þeim þarf að bjarga.“

Torfhús bara til á Íslandi

Hjörleifur telur það aðeins hér á Íslandi sem torfhús hafi varðveist. „Handverkið við torfið hefur hvergi lifað, svo ég viti nema hér á landi og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að nota tækifæri sem er enn fyrir hendi og bjarga nokkrum torfhúsum til viðbótar. Þar sem breyting er að verða á atvinnuháttum landans og ferðamennska skiptir alltaf meira og meira máli þá geta svona hús haft hlutverk í sjálfu sér, bara sem fallegir staðir til að skoða.“

En ættum við að byggja ný torfhús? „Ég veigra mér við að svara því en tel að við lært ýmislegt af þeim. Þau falla svo vel að landslaginu og það er fólgin í þeim feegurð sem er mjög sjaldséð í húsum af öðrum efnum. Torfhúsin sem við eigum eru sameiginlegur arfur þjóðarinnar sem við ættum að sækja í. gun@frettabladid.is



ÚR BÓKINI Höfundur birtir gamlar og nýjar myndir af mörgum torfhúsum hringinn kring um landið. Hér er bærinn að Grænavatni í Mývatnssveit árið 1906.

Ástkær faðir okkar, sonur minn og bróðir,

STEFÁN MÁR HANSSON
uppalinn í Garðabæ

lést í Noregi fimmtudaginn 30. maí.
Minningarathöfn fer fram í Vídalínskirkju í Garðabæ
miðvikudaginn 3. júlí kl. 15.00.

Börn, móðir og systkini.

WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNSS

Virðing Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

FÓLK

KYNNINGARBLAD



ÞJÓÐLÖG Á SIGLUFIRÐI

Þjóðlagahátíð verður haldin á Siglufirði 3.-8. júlí þar sem verður vegleg dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Á hátíðinni verður lögð áhersla á leikhústengda þjóðlagatónlist. Listrænn stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson en nánar er hægt að skoða dagskrána á folkmusik.is.



GEZE
Hawa

Glerveggjakerfi fyrir skrifstofurými
Brautir og festingar í úrvali.

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarn&gler.is

BANDARÍSKUR STÍLL ER DRAUMURINN

STÓRT OG RÚMGOTT Arnhildur Anna er kraftlyftingakona með meiru sem hefur auga fyrir fallegri hönnun.

Arnhildur Anna Árnadóttir er ung kraftlyftingastúlka sem er nýflutt ásamt fjölskyldu sinni í fallegt hús á Seltjarnarnesi. Ef hún fengi að innrétta sitt eigið hús yrði það í eka bandarískum stíl. „Ég er mjög hrifin af stórum, girnilegum húsgögnum og miklu rými þar sem allir geta notið sín saman eða hver í sínu horni. Draumurinn er stórt eldhús, teppalagðar tröppur og svefnherbergi. Það má heldur ekki gleyma köttunum,” segir Arnhildur. Hún hefur mikinn áhuga á arkitektúr og hönnun.

„Upphaldshönnuðurinn minn er auðvitað góðvinkona okkar mömmu, hún Gulla Jónsdóttir,” segir Arnhildur. Gulla er þekktur arkitekt og vöruhönnuður sem starfar í Bandaríkjunum og hefur unnið margvísleg verðlaun fyrir hönnun sína.

Arnhildur hefur safnað mörgum fallegum hlutum í gegnum árin. Hún er til dæmis aðdáandi Hello Kitty en í útskriftargjöf fékk hún fallega og skemmtilega stytta af kisuinni fráegu. „Hálsmenið fékk ég frá foreldrum mínum í tvítugsafmælisgjöf, en það fannst í Swarovskibúð í Dubrovnik í Króatíu,” segir Arnhildur.


Pandóruarmböndin eiga sérstakan stað í hjarta Arnhildar þar sem hún getur tengt hvern og einn hlekk við stað eða manneskju. „Ég er til dæmis með hlekk fyrir Sagrada Familia, sem er kirkja í Barcelona, af því að helmingur fjölskyldunnar býr þar. Ég er líka með helming af hjarta og mamma er með hinn helminginn. Rosalega krúttlegt allt saman. Aðrir upphaldshlutir eru belti og hnébeygjubrók, en Arnhildur æfir kraftlyftingar af miklu kappi. „Beltið er mikilvægur stuðningur við bakið, hnébeygjubrókin er hins vegar erfið þegar ég treð mér í hana og úr en í hnébeygjunum vinnum við mjög vel saman,” segir Arnhildur.

Árið 2011 var stofnuð kraftlyftinga-



deild í Gróttu. Arnhildur fékk áhugann eftir að mamma hennar byrjaði að æfa. Hún hefur æft stíft síðan þá og meðal annars tekið þátt í EM unglíngla í Prag og náði góðum árangri. Næst á dagskrá er HM unglíngla í Texas. Í sumar fór Arnhildur til Barcelona í frí með fjölskyldunni en í haust er stefnan sett á sálfræði í Háskóla Íslands. ■ gunnhildur@365.is

**FLOTT OG STÍL-
HREINT** Arnhildur hefur auga fyrir fallegum hlutum. Hennar upphaldshönnuður er Gulla Jónsdóttir.
MYNDIR/ARNPÓR



ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is



TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

RÝMINGARSALA Á ÝMI HEILSUDÝNUM



5 ára ábyrgð

Hágæða 5 svæðisskipt sjálfstætt pokagormakerfi sem styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Réttur stuðningur við líkamann sem gefur hámarksþvild. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Ath. margar stærðir

Stærð	Verð áður	Rýmingarsöluverð með PU leðurbotni og fótum stgr.
90x200	89.900.-	74.900.-
140x200	119.900.-	104.900.-
160x210	129.900.-	114.900.-
180x200	149.900.-	134.900.-



Gerð gæða- og verðsamanburð

Frábært kynningarverð á
MEMORY HEALTH CARE
þrýstijöfnunar-heilsudýnum

Stærð	Kynningarverð
80x200	94.900.-
90x200	99.900.-
120x200	119.900.-
140x200	139.900.-
180x200	169.900.-

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

5 ára ábyrgð

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir jmh@365.is s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir elsaj@365.is s. 512-5427



FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



VELDU RÉTT.. ...VELDU LÉTT
ENCHILADA 307' koal.
Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is



SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍÐ
ASUS
10" MEMO PAD
Fullkominn ferðafélagi fyrir alla fjölskylduna.
Fjögurra kjarna Nvidia Tegra 3 örgjörvi, 16GB minni sem hægt er að stækka um 32GB.
Kristaltær og skýr IPS snertiskjár með 10 punkta næmni. Android 4.1 Jelly Bean.
59.990
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR



Vissir þú að...
börn ega rétt að leika sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

INNIDAGAR Í ULL

ÍSLENSK HÖNNUN Íslenska sumarið fer misvel af stað og víða um land hefur hitastigið ekki náð tveggja stafa tölu svo dögum skiptir. Sem betur fer eru íslenskir hönnuðir duglegir að hanna hlý teppi.

1. VOLKI DESIGN

Hönnunardúóið Volki gerði sér lítið fyrir og flutti inn eigin þrjónavél. Nú framleiða þær Olga Hrafnadóttir og Elísabet Jónsdóttir eigin þrjónavörur, litrik teppi, púða og kolla.
www.volki.is

2. BESLA

Brynja Emilsdóttir textílhönnuður hannar barnaföt, meðal annars úr lífrænni bómull. Hún hannar líka ullarteppi og væðarvoðir úr íslenski ull.
www.brynjaemils.com

3. VÍK PRJÓNSDÓTTIR

Hönnunarfyrirtækið hefur sent frá sér fjölda ullarteppa og trefla undanfarin ár sem hlotið hafa viðurkenningu víða um heim. Papageno-teppið er úr nýjustu vörulínu Víkur Þrjónsdóttur. Myndina tók Ari Magg.
www.vikprjonsdottir.com

4. GEYSIR

Verslunin Geysir heldur úti eigin línu af ullarvörum, svo sem sokkaplögnum, slám, húfum og vettlingum. Þá eru hlýleg ullarteppi og voðir stór hluti af Geysislínunni.
www.geysir.net

5. UMEMI

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir hannar bæði púða og teppi úr íslenski ull. Púðarnir Not Knot hafa náð miklum vinsældum og voru nýlega teknir í sölu í stórversluninni Illum í Kaupmannahöfn. Fyrir tæpu ári setti Ragnheiður teppið á markaðinn.
Umemi er á Facebook.

6. HUGRÚN ÍVARSDÓTTIR

Væðarvoð Hugrúnar er prýdd mynstri unnu upp úr söðuláklæði sem konur sveipuðu um sig á ferðum sínum ríðandi um landið. Við mynsturgerðina voru blómateikningar Sólva Helgasonar, eins frægasta flakkara Íslandssögunnar, hafðar sem fyrirmynd.
www.merkilegt.is



heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lökk. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lökk. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lökk. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulfrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarssdóttir
sölufulfrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Hús með glæsilegu útsýni

Fasteignasalan Berg kynnir: Glæsilegt einbýli í Laugarási í Bláskógabyggð, hannað og teiknað af ABS teiknistofu.

Húsið stendur á einum glæsilegasta útsýnisstað á Suðurlandi og er afar vandað, klætt að utan með álplötum. Gluggar ná víða niður í gólf, hiti er í gólfum á neðri hæð. Öll lýsing fyrsta flokks.

Komið er inn í anddyri með góðum skápum. Til vinstri er þvottahús með innréttingu og sturtuklefa. Gengið inn gang og þá er komið í hol og stofu með stórkostlegu útsýni. Ítalskar flísar á gólfum.

Útgengt úr stofu á sólpall í austur. Rennihurð. Til hægri úr stofu er gengið í afar rúmgott eldhús. Flísar á gólfum. Vönduð innrétting og eldhústæki. Allt fyrsta flokks. Útgengt úr eldhúsi á sólpall. Úr eldhúsi er gengt í sjónvarpsherbergi/herbergi. Inn af stofu er rúmgott hornherbergi



Fallegt hús í Laugarási er nú til sölu hjá Berg fasteignasölu.

með frábæru útsýni. Baðherbergi flísalagt, baðkar. Rúmgott herbergi með mikilli lofthæð. Innfæld lýsing í loftum. Mikil lofthæð.

Úr holi er stigi á efri hæð. Á efri hæð er eitt stórt rými/herbergi. Stórbrotið útsýni í allar áttir. Plankaparkett úr eik á gólfum. Útgengt á þak/verönd. Eftir er að setja upp handrið á þakkant.



Opið bílskýli. Inni af því er gott geymsluherbergi. Hægt er að loka bílskýli kjósi fólk svo. Allar nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Pétur hjá Berg fasteignasölu í síma 588 5530 eða 897 0047.

FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

Hverfisgata 74, 5 hæð

Opið hús þriðjudaginn 2. júlí kl. 17:30 - 18:00



Auður Kristinsdóttir
lökk. fasteignasali



Vel skipulögð 4ra herbergja, 72 fm. íbúð með frábæru útsýni. Suðursvalir. Góð staðsetning í miðbænum og sérstaklega reisulegt hús. Athugið að Hverfisgatan verður endurgerð 2013 á þessum kafla. Verð 24,9 m.

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is
Auður Kristinsdóttir



FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA

820 8081

Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is



RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnestad
lökk. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Álfhólsvegur 45 - 200 Kópavogur



171,5 m2 sérhæð á 1. hæð í þrjúbýlishúsi, ásamt 26,6 m2 bílskúr við Álfhólsveg 45 í Kópavogi. Góð eign fyrir stórar fjölskyldur, góð rými og mörg herbergi. Góð afgirt timburverönd. V. 38,9 m.

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Hraunteigur 19 - 105 Reykjavík



Mjög falleg 123,4 m2 íbúð á 2. hæð ásamt 24,2 m2 bílskúr við Hraunteig í Reykjavík. Eignin skiptist í andyri, hol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og tvær samliggjandi stofur. Geymsla í kjallara og bílskúr. V. 39,9 m.

Hörðukór 3 - 203 Kópavogur



Falleg og björt 97 m2, þriggja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi við Hörðukór 3 í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús og stofu. Góð gólfefni og fallegar innréttingar. V. 23,9 m.

Laus strax

Nýtt á skrá



Kvistavellir 26-32 - 221 Hafnarfjörður 4 radhús í byggingu við Kvistavelli 26-32 í Hafnarfirði. Um er að ræða staðsteypt tveggja hæða radhús samtals 217,6 m2. Íbúð er 188,3 m2 og bílskúrin 29,3 m2. Húsin skilast í núverandi ástandi, u.þ.b. fokheld. V. 88,0 m.



Efsti-Dalur - Bláskógarbyggð 62,7 m2 sumarhúsið ásamt ca. 20 m2 svefnlofti við Efsta-Dalsskóg í Bláskógarbyggð. Mikill útsýni er frá bústaðnum. Við bústaðinn er ca. 80 m2 timburverönd. V. 12,9 m.

Laus strax



Krókatjörn - í Miðdalslandi Laust strax- borði Fallegt sumarhús á 10.000 m2 eignarlóð við Krókatjörn í Mosfellsbæ. Þetta er fallegt 51,8 m2 sumarhús með millilofti, góð timburverönd með skjólgirðingu, mikill gróður umhverfis húsið og eignarlóðin nær niður að Krókatjörn. V. 22,5 m.



Háholt 4A - 270 Mosfellsbær Mjög falleg 94,9 m2, 3ja herbergja endaíbúð með sér inngangi af svölum á 2. hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi í miðbæ Mosfellsbæjar. Björt og vel skipulögð íbúð. Stórar og fallegar innréttingar. V. 26,9 m.

Stórikriki 3 - 270 Mosfellsbær



Fallegt og vel skipulagt 219,5 fm endaradhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og stórri lóð. Frábært fjölskylduhús með 4 svefnherbergjum o.fl. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 45,9 m.

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Laxatunga 26 og 30 - 270 Mosfellsbær



Aðeins tvö hús eftir-borði 243,5 m2, 5 herbergja radhús á tveimur hæðum með bílskúr við Laxatungu í Mosfellsbæ. Húsin eru vel staðsett með góðu útsýni. Tvær svalir. Stórar stofur. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Björt rými og stórir gluggar. Húsin eru rúmlega fokheld í dag og afhendast í núverandi ástandi. Verð 24,0 til 24,9 m.

Litlakriki 2 - 270 Mosfellsbær



Mjög falleg 125,8 m2 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða lyftuhúsi ásamt 31,5 m2 bílskúr og geymslu á jarðhæð við Litlakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í stóra stofu, eldhús, þrjú góð svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stórar suðursvalir. V. 35,5 m.

Grenibýggð 32 - 270 Mosfellsbær



Laust strax-borði*Nýtt á skrá*Glæsilegt 205,3 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á einstökum stað innarlega í botnlanga við óbyggð svæði í Grenibýggð í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. V. 61,5 m.



Jón Guðmundsson
Sölustjóri
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórðarsson
Sölumáður
pall@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halvieg Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halvieg@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

SUMARBÚSTAÐIR



SUMARHÚS Á ÞINGVÖLLUM, HESTVÍK.
Glæsilega staðsett 60,1 fm. sumarhús í Grafningi á afar fallegri og gróinni 6.400 fm. útsýnislóð, við Hestvíkina. Tvær geymslur, 3,8 og 3,9 fermetra og 18,4 fermetra bátaskýlis niður við vatnið Sumarhúsið stendur á **30,0 millj.** Frábærum stað við vatnið. Bátur fylgir.

3JA HERBERGJA



LAUGATEIGUR - REYKJAVÍK.
- Falleg og nokkuð endurn. 93,8 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara.
- Þjört stofa með stórum gluggum til suðurs.
- Sérinnangangur. Frábær staðsetning í Laugardalnum.
- Stutt í skóla og aðra þjónustu. **26,9 millj.**

4RA- 6 HERBERGJA



EFTASUND - REYKJAVÍK.
- Mikil endurnýjuð 4ra herb. 85,1 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinnangangur. 35,0 fm. bílskúr.
- Endurnýjuð gólfefni, baðherbergi, raflagnir o.fl.
- Skjólsæl lóð. Verönd til suðurs á baklóð. **29,7 millj.**

SÉRBÝLI



MÝRARÁS - REYKJAVÍK
- Fallegt 255,7 fm. einbýli að meðt. 46,5 fm. bílskúr.
- Byggt var við suðvesturhlíð húss fyrir nokkrum árum síðan.
- Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Stofur með arni. 5 herbergi.
- Á þaki viðbyggingar er útsýnisverönd. **77,0 millj.**

2JA HERBERGJA



NJÁLSGATA.
- Falleg 37,2 fm. ósamþykkt íbúð í kjallara.
- Sérinnangangur. Laus til afhendingar nú þegar.
- Á baklóð er sér 2,6 fermetra geymsla.
- Hús að utan og sameign í góðu ástandi. **13,5 millj.**



ÍÐUFELL - REYKJAVÍK.
- Góð 74,9 fm. íbúð á 4. hæð auk 6,9 fm. sér geymslu.
- Góð nýleg innrétting í eldhúsi.
- Yfirbyggðar, opnanlegar svalir til suðurs.
- Skipti á bil koma til greina. **16,9 millj.**



ÁLFASKEIÐ - HAFNARFIRÐI. 5 HERB.
- Falleg 117,4 fm. nokkuð endurnýjuð endaíbúð á jarðhæð.
- Gluggar í þrjár áttir og útgengi á verönd til suðurs.
- Baðherbergi endurnýjað. Auðvelt að breyta borðstofu í fjórða herbergið. 23,7 fm bílskúr. **27,9 millj.**
- Hús í góðu ástandi að utan.



REYKJAVÍKURVEGUR 39- HFJ
- Virðulegt og fallegt 275,7 fm. einbýlishús, hæð og kjallari.
- Lofthæð efrir hæðar tæplega 3 metrar. Arinn í stofum.
- Lóð stór og gróin með steinsteypum veggjum á hliðum.
- 16,5 fm. bílskúr. Ekið frá Norðurbraut. **49,9 millj.**
OPIÐ HÚS Á MORGUN FRÁ 17:30-18:00



JÖRFABAKKI - REYKJAVÍK.
- 69,0 fm. íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli í neðra Breiðholti.
- Stofa og borðstofa með útgengi á svalir.
- Þvottaherbergi inn af eldhúsi.
- Ytra byrði húss er gott og í góðu viðhaldi. **15,7 millj.**



KRÚÁS - HAFNARFIRÐI.
- Falleg og vel skipulögð 95,1 fermetra endaíbúð á jarðhæð.
- Sér inngangur. Góð staðsetn. innst í götu við opið svæði.
- Stofa með útgengi á verönd til suðurs. 2 rúmgóð herbergi.
- Hús viðhaldslítið að utan. Stutt í skóla. **27,9 millj.**



SUNDLAUGAVEGUR - MEÐ BÍLSKÚR.
- Glæsileg 101,7 fm íbúð á efrir hæð með suðursvölum.
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum
- Samliggjandi stofur með útgengi á suðursvalir. 2 herbergi.
- 21,6 fm. bílskúr. Sér bílastæði er á lóð **35,9 millj.**



HEGRANES - GARÐABÆ. EINBÝLISHÚS
- 258,8 fm. einbýlishús með inng. 41,5 fm. bílskúr.
- Frábær útsýnisstaður á sjávarlóð á sunnanv. Arnarnesi.
- Setu- og arinstofa. Borðstofa með útgangi á lóð. 4 herbergi. Eignarlóð 1.517,0 að stærð. **99,0 millj.**



RAÐAVÆÐ - REYKJAVÍK.
- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinnangangur auk sér stæðis í bílageymslu.
- Sér hellulögð verönd til suðurs.
- Eikarinnréttingar og þvottah. innan íbúðar. **23,9 millj.**



17. JÚNÍTORG - SJÁLANDI GARÐABÆ
- Rúmgóð íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri.
- Íbúðin er 120,6 fm. að stærð auk 7,3 fm. sér geymslu.
- Vandaðar eikarinnréttingar og eikarparket á gólfum.
- Sér stæði í bílageymslu. Vestursvalir. **35,5 millj.**



HÁTEIGSVegur, REYKJAVÍK. SÉRHÆÐ
- 5 herbergja 122,5 fm. neðri sérhæð auk 32,0 fm. bílskúrs.
- Samliggjandi skiptanlegar stofur. 3 herbergi.
- Svalir út af stofu og einu herbergi.
- Nýlegt parket er á íbúðinni. **44,9 millj.**



ÆGISGRUND - GARÐABÆ.
- 224,0 fm. einbýli á þremur þöllum að meðt. 54,4 fm. bílsk.
- Í dag nýtt sem tvær íbúðir, auðvelt að breyta aftur í eina.
- Stór og skjólgóð viðarverönd til suðurs með heitum potti.
- Stutt í skóla og aðra þjónustu. **45,0 millj.**



Grenimelur - Reykjavík

Vel staðett 126,8 fm. neðri sérhæð í upprunalegum stíl í þessu fallega húsi við Grenimel auk 41,7 fm. ósamþykktar aukaíbúðar í kjallara og 32,0 fm. bílskúrs. Hæðin skiptist í forstofu, rúmgott hol, bókaherbergi með föstum hillum, samliggjandi skiptanlegar stofur, eldhús með góðri borðaðstöðu, tvö rúmgóð herbergi og baðherbergi. Í kjallara eru auk íbúðarinnar tvö herbergi sem nýttast vel með hæðinni. Svalir eru til suðurs út af hjónaherbergi. Ræktuð lóð með fallegum trjám og runnum. **Verð 60,0 millj.**



Bræðraborgarstígur 41- 2ja- 3ja herbergja íbúð.

OPIÐ HÚS Í DAG, MÁNUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00
Falleg og vel skipulögð 80,7 fm 2ja-3ja herb. íbúð með tvennum svölum á 2.hæð í góðu steinhúsi í vesturborginni. Í kjallara er 6,8 fm. sér geymsla (innifalið í fm. íbúðar). Samliggjandi borð- og setustofa. Opið herb. innaf setustofu, útgangur á norðvestursvalir. Opið eldhús í borðstofu. Svefnherb. með útgangi á suðaustursvalir. **Verð 25,4 millj. Íbúð merkt 0201. Verið velkomin.**

SÉRBÝLI



BRÆÐRATUNGA- KÓPAVOGI.

- Virkilega fallegt og vel skipulagt 203,9 fm. endaraðhús.
- Frábær staðsetning í suðurhlíðum Kópavogs. Fallegt útsýni.
- 5 herbergi. Samliggjandi bjartar stofur. Sjónvarpsstofa.
- Gróðurhús á baklóð hússins.

45,0 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



HÖRGSHLÍÐ - REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ

- Virkilega falleg sérhæð í tvíbýlishúsi á frábærum stað.
- Stofur með aukinni lofthæð. 4 herbergi.
- Stórar svalir til suðvesturs. Bílskúrsréttur.
- Stór lóð við opið svæði. Stutt í alla þjónustu og skóla.

49,2 millj.

3JA- 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR



LANGALÍNA 33-35 – SJÁLANDI GARÐABÆ.

- Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í nýju og glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi
- Íbúðirnar eru frá 109 fm. upp í 151 fm. og afhendast fullbúnar án gólfefna, en baðh. og þvottah. skilast flísalögð. Eikarinnréttingar í eldhúsi, vönduð tæki. Sér stæði í lokaðri og uppþitaðri bilageymslu fylgir íbúðinni. Lyfta er í húsinu



STEINÁS- GARÐABÆ

- Vel skipulagt 144,5 fermetra einbýlishús auk 50,0 fm bílskúrs.
- Mjög mikil lofthæð er í stofu og eldhúsi. Innfelld lýsing.
- 4 rúmgóð vefnherbergi. Suðurverönd. Útsýni yfir hraunið.
- Húsið stendur neðst við opið svæði.

63,0 millj.



KLAPPARSTÍGUR - GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ

- Glæsileg 176,2 fm. útsýnisíbúð á tveimur efstu hæðum.
- Sér stæði í bilageymslu. Þrennar svalir til norðurs, austurs og suðurs.
- Glæsilegar stofur. Sjónvarpsstofa með gólfsíðum gluggum.
- Mikil lofthæð er á efri hæð. Stórkostlegt útsýni út á sundin.



EINBÝLISHÚS Á EYRARBAKKA

- Fallegt bárujármsklætt 121,5 fm. einbýlishús á Eyrarbakka. Húsið stendur á 613,2 fm. leigulóð og er byggt árið 1900. Byggt var við húsið árið 2006 og á sama tíma var eldra húsið allt endurnýjað. Opið eldhús við stofu. Tvö herbergi. Baðherbergi með sturtuklefa. Hátt er til lofts í stofu og eldhúsi. Furuborð á gólfum.

30,0 millj.



ÓLAFSGEISLI- REYKJAVÍK.

- Stórglæsilegt og afar vandað 240,1 fm. einbýlishús.
- Mikil lofthæð á efri hæð. Stórar stofur. Hjónasvíta.
- Stór og viðhaldslítill hornlóð á frábærum útsýnisstað í Grafarholti.
- Húsið er klætt að utan með íslensku líbaríti.

79,5 millj.



SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ

- 122,9 fm 3ja – 4ra herbergja efri sérhæð auk bílskúrs.
- Afar vel innréttað eign. Sérsmíðaðar innréttingar.
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.
- Extra háar innihurðir. Halogenlýsing. Eikarparket og flísar.

46,9 millj.

ATVINNUHÚSNÆÐI



LYNGHÁLS- REYKJAVÍK.

- 641,6 fm. efri hæð við Lynghál. Húsnæðið er í útleigu í dag. Skiptist í afstúkaðar skrifstofur, eldhús / kaffistofur, kennslustofur, fyrirlestrarsal, opin vinnurými, rannsóknarstofu, tilraunastofu, annað stórt eldhús, salerni, ræstikompu o.fl. Húsnæðið er í góðu ástandi hið innra og hefur verið mikið endurnýjað og innréttað fyrir núverandi starfsemi á sl árum. M.a. er loftræstikerfi í hluta hússins.

89,0 millj.



HRAUNTUNGA- KÓPAVOGI.

- Glæsileg um 288,3 fm. eign í suðurhlíðum Kópavogs.
- Mikið endurnýjuð eign, innréttað á vandaðan og smekklegan hátt.
- Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi. Gólfsíðir gluggar í stofu.
- Húsið stendur fremst í götu. Fjögur bílastæði við húsið.

57,9 millj.



HOLTSGATA - 4RA HERB. ÍBÚÐ ÁSAMT BÍLSKÚR.

- Vel skipulögð 95,3 fm íbúð á 3. hæð auk 47,3 fm. bílskúr
- Bílskúr er í dag innréttaður sem 2ja herb. íbúð.
- Björt stofa. 3 herbergi. Eldhús með eldri innréttingum.
- Stórar suðursvalir út af stofu.

36,5 millj.



MÖRKIN – REYKJAVÍK. VERSL.- OG IÐNAÐARHÚSN.

- Mikið endurn. 1167,8 fm verslunar- og iðnaðarhúsnæði á frábærum stað með miklu auglýsingargildi, góðri aðkomu og fjölda bílastæða. Ný gólfefni og nýmálud. Verslunarhæðin er 314,0 fm. og kjallari er 854,0 fm. lager með tvennum innkeyrsludrygum og rúmlega 4 metra lofthæð. Húsið að utan í góðu ásigkomulagi. Mögull. er að fá keyptan lager á kostnaðarverði, sem og rekstur sem í eigninni er í dag.



Hvannalundur 19 - Garðabæ.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00

- Glæsilegt 206 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum bílskúr. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförunum árum. Samliggjandi stofur með útgengi í sólskála. 4-5 herbergi. Falleg ræktuð lóð með veröndum og skjólveggjum. Eignin er vel staðsett á frábærum stað innst í lokaðri botnlangagötu í sunnanverðum Lundum í Garðabæ. Laust til afhendingar fljótlega.

Verð 54,9 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin



Hákotsvör 3 - Garðabæ.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00

- Mjög fallegt, þó nokkuð endurnýjað og mjög vel staðsett 209,0 fm. einbýlishús með sjávarútsýni við Hákotsvör í Garðabæ. Auk þess er 12 fm. skáli sem nýttur er sem sjónvarpsstofa í dag. Rúmgóðar stofur með sjávarútsýni og fallegum arni. Eldhús með fallegum hvítum innréttingum. Fjögur herbergi. Verönd með skjólveggjum og heitum potti. Innkeyrsla og stéttar fyrir framan húsið eru nýlega hellulagðar og með hitalögnum. Húsið stendur á 1.155 fermetra gróinni lóð með fallegu sjávarútsýni.

Verð 49,9 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali | Magnús Geir Pálsson, sölumaður | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali | Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Anna M. Sigurðardóttir, ritari | Guðrún Magna Arnadóttir, ritari

BREKKUSMÁRI 3 - GLÆSILEG EIGN



OPIÐ HÚS
mánudag

Fallegt og vandað raðhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Á efri hæð er innbyggður bílskur, forstofa, stígaöl, eldhús með borðkrók, þrjár stofur og baðherbergi. Á neðri hæð er sjónvarpshol, baðherbergi, þrjú góð herbergi og þvottaherbergi. Góðar svalir eru á efri hæð og stór og góð verönd við neðri hæð. Mikil útsýni er til vesturs og norðurs.

Eignin verður sýnd mánudag milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 55,0 m. 1396

BÁRUGATA 40 - GOTT SKIPULAG



OPIÐ HÚS
mánudag

Mjög góð og vel staðsett 47 fm 2ja herbergja íbúð við Bárugötu í Reykjavík. Inngangur í íbúðina er aðeins nýttur af þessari íbúð en er inn á sameignargang. Glæsilegt baðherbergi og nýlegt gler í allri íbúðinni. Íbúðin er í kjallara og er skipulag gott. **Eignin verður sýnd mánudaginn 1.júlí milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 17,9 m.2930**

ÁRSALIR 3 - GLÆSILEG ÍBÚÐ Á 1.HÆÐ



OPIÐ HÚS
mánudag

Vönduð og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með ca 55 fm sólpalli mjög vönduðu állkæddu lyftuhúsi á einstaklega góðum stað í salahverfi. Vandaðar samstæðar innréttingar, parket og flisar á gólfum. Steinsnar frá grunn og leikskóla ásamt íþróttasvæði og sundlaug. **Eignin verður sýnd mánudag frá kl. 17:00-17:30 V. m. 2927**

VÍÐIMELUR 59 - MIKIÐ ENDURNÝJUÐ



OPIÐ HÚS
mánudag

Mjög góð 126 fm neðri sérhæð auk 29,5 fm bílskur á góðum stað í vesturbæ Reykjavíkur. Hæðin hefur mikið verið endurnýjuð. Falleg og góð eign í sérstaklega góðu ástandi.

Eignin verður sýnd mánudaginn 1.júlí milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 42,9 m. 6118

ENGIHJALLI 9 - LAUS STRAX



OPIÐ HÚS
mánudag

Rúmgóð 97 fm 4ra herbergja íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi við Engihjalla í Kópavogi. Mjög fallegt útsýni. Íbúðin skiptist þannig: stofa, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og hol. Sér geymsla í kjallara. Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni. **Eignin verður sýnd mánudaginn 1.júlí milli kl. 17:00 og kl. 17:30. V. 19,9 m.2920**

KALDASEL 2 - VANDAÐ HÚS



OPIÐ HÚS
þriðjudag

Vandað þrilyft 233 fmeibýlishús í enda botnlanga. Húsið hefur töluvert verið endurnýjað, m.a. eldhús, baðherbergi o.fl. Þá hefur verið byggð n.k. sólstofa (40 fm) yfir veröndina. Næg bílastæði eru við húsið. Lóðin er vel gróin og með verönd. Glæsilegt útsýni er til vesturs og norðurs. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 2.júlí milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 49,9 m. 2730**

KARFAVOGUR 41 - GÓÐUR STAÐUR



Fallegt einbýlis/tvíbýlishús á mjög góðum stað við Karfavoginn. Húsið sem er eitt af þessu sænsku húsum, timbur á steypum kj. er skráð 232,7 fm m. 33,3 fm bílskur. **V. 42,0 m.5208**

DALHÚS - EINSTÖK STAÐSETNING



Glæsilegt og frábærlega staðsett 231,4 fm einbýlishús á tveimur hæðum og hefur verið endurnýjað á fallegan máta. Garður er glæsil. m. veröndum og heitum potti. Eignin er staðsett innst í botnlangagötu við grænt svæði þar sem finna má göngustíga, skíðalyftu o.fl. Þá er einnig mjög stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði Fjölhús. **V. 69 m. 2898**

JÓRUSEL 5 - AUKAÍBÚÐ



Fallegt og sjarmerandi 338 fm einbýlishús í Seljahverfi Reykjavíkur. Eigninni fylgir bílskur og 2ja herbergja aukaíbúð í kjallara með sér inngangi. Fallegar stofur, nýlegt eldhús, fimm stór herbergi og suðurverönd með skjólveggjum. Fallegur garður í rækt. **V. 65,9 m.2914**

RITUHÓLAR - ÚTSÝNISSTAÐUR



EINSTAKUR ÚTSÝNISSTAÐUR VIÐ ELLIDAÁRDALINN. Mjög glæsilegt, vel skipulagt og bjart einbýlishús á þessum frábæra útsýnisstað. Húsið er skráð 305,9 fm. Húsið skiptist í forstofu, búr, eldhús, hol og borðstofu, fimm svefnherbergi og tvær stofur. Þvottahús og geymsla, góður bílskur. **V. 72,9 m. 2902**

GRÆNLANDSLEIÐ - NEÐRI SÉRHÆÐ



Sérstaklega góð og vönduð 83 fm neðri hæð með séringgang í tvíbýlishúsi við Grænlandsleið í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, stórt svefnherbergi og tvær geymslur innan íbúðar þar sem önnur er í dag nýtt sem skrifstofa. Gott plan fyrir framan íbúðina. **V. 24,9 m. 2889**

LOGAFOLD 30 - GLÆSILEGT EINBÝLI



OPIÐ HÚS
mánudag

Glæsilegt 309,3 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Logafold í Grafarvogi. Húsið stendur á sjávarlóð á einum besta útsýnisstað við Grafarvoginn. **Eignin verður sýnd mánudaginn 1. júlí milli kl. 17:00 og kl. 18:00. V. 76,0 m 1070**

HRAUNPRÝÐI 6 -12 og 11-13 Í GARÐABÆ.



OPÍÐ HÚS
Þriðjudag

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAG

Opíð hús verður þriðjudag 2.júlí frá kl. 17:15 - 18:30

Glæsileg ný fjölskylduvæn rað- og parhús á einni hæð ásamt opnu bílskúli.

Húsin afhendast fullfrágengin með vönduðum innréttingum og fataskápum frá HTH.

Gólfefni eru flísar og parket frá Byko ásamt hreinlætis og blöndunartækjum.

Einstaklega vel skipulögð hús á einni hæð.

Verð húsa nr. 6-12 er 59,9 millj.

Verð húsa nr. 11 og 13 er 56,9 millj.



2875

FERJUVAÐ 1-3 - NÝJAR ÍBÚÐIR



Ferjuvað 1-3 er 4ra hæða fjölbýlishús í Norðlingaholti í Reykjavík.

Í húsinu eru 34 íbúðir með tvö stiga/lyftuhús og svalagangi.

Íbúðirnar í húsinu eru bjartar og rúmgóðar og samanstanda af tveggja, þriggja, fjögurra og fimm herbergja íbúðum.

Húsið er byggt af Sérverk sem er þekkt fyrir vönduð og góð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar á www.eignamidlun.is/nybyggingar

Verð frá 22,0 - 44,0 m.

2326

EINBÝLI



Grundargerði 6 - einbýli

Snoturt og hlýlegt einbýlishús á grónum, eftirsóttum og friðsælum stað í Smábúðahverfi með skjólsælli suðurlöð, aflokaðri á þrjá vegu. Stutt er í grunnskóla, heilsugæslu, verslanir og ýmsa aðra þjónustu. V. 39,9 m. 2363



Sogavegur 88 - einbýlishús með bílskúr

Fallegt mjög vel skipulagt og talsvert endurnýjað 197 fm einbýlishús m. 40 fm bílskúr. Endurn. gluggar og gler að mestu, lagnir að hluta og fl. Allt að 4 svefnherb. 2 baðherb. Mjög góður ræktaður garður m. stórrí timplurverönd o.fl. Hellulagt upphitað bílapan. V. 44,9 m. 2840



Sigurhæð - gott einbýli

Einlyft 199 fm einbýlishús með bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, tvö baðherbergi, fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Bílskúrinn er 50 fm og hefur verið nýttur sem íbúðarrými en þar eru tvö herbergi. Samtals eru því sex svefnherbergi í húsinu. Auðvelt er að breyta bílskúr aftur. V. 49,9 m. 2227



Stokkseyri - fallett hús við sjávarsíðuna

Einstaklega fallett hús við Íragerði á Stokkseyri. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Á neðri hæðinni er forstofa, þvottaherbergi með snyrtingu, hol, eldhús með borðkrók og stofur. Á efri hæðinni er hol, baðherbergi og þrjú herbergi. Fallett garður og stór verönd með skjólveggjum. Staðsetning er einstök við sjávarsíðuna. Í nágrenningu er gólfvöllur, sundlaug, söfn og boðið er upp á ævintýraferðir. Einungis 12 km eru á Selfoss. Hér er gott að sofa og vakna við sjávarföllinn. Möguleg eignaskipti á minni eign. Tilboð óskast. 4069

PARHÚS/RADHÚS



Kögursel 48 - flott parhús

Vel staðsett og bjart fimm herbergja 158,2 fm parhús með bílskúr við Kögursel í Reykjavík. Eignin er vel staðsett í botnlangagötu í grónu og mjög fjölskylduvænu umhverfi. V. 38,9 m. 2756



Brattatunga- Suðurhlíðar Kópavogs

Gott og vel skipulagt 215 fm enda radhús á frábærum útsýnisstað. Húsið er eitt af þessum rómuðu Sigvaldahúsum. Staðsetning hússins er mjög góð og aðkoman glæsileg, hellulögð heimreið með hita. Bílskúr með hita og rafmagni. Auðvelt að útbúa sér íbúð á jarðhæð. V. 49,9 m. 2701

HÆDIR



Safamýri 27 - glæsileg hæð

Mjög glæsileg og vel skipulögð 5 herbergja mikið endurnýjuð sérhæð á þessum frábæra stað. Fjögur rúmgóð herbergi, stór stofa, baðherbergi og gestasalerni. Allar innihurðir, skápar og innréttingar hafa verið endurnýjaðar. Húsið að utan ný málað og viðgert nýlegt járn og pappi á þaki og nýtt kolp og dren. V. 48,8 m. 2755

4RA-6 HERBERGJA



Prastarás - endaíbúð

Góð og björt 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð. Íbúðin er með sérinngang af svölum. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú rúmgóð herbergi, geymsla innan íbúðar með glugga (hægt að nýta sem herbergi) stofa og eldhús opíð rými og baðherbergi með þvottahúsi innan. Gott útsýni. V. 23,9 m. 2923



Blönduhlíð 17 - ný standsett

